

# SKÍÐABLAÐIÐ

BLAÐ SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA 2018

Skútuferðin sem öllu breytti  
**HELGA ÞÓRDÍS**  
segir frá ævintýrum og námi í USA

Gamla leyndarmálið  
**HULUNNI SVIPT AF  
ELSTA LEYNDARMÁLI  
SKÍÐAFÉLAGSINS**  
Hvað leynist í bankahólfinu?

Skíðamenntaskóli  
**KOLFINNA ÍRIS, JAKOB  
OG EGILL BJARNI**  
segja frá ævintýrum og námi í Noregi

Íþróttamáður Ísafjarðarbæjar  
**ALBERT JÓNSSON**  
æfir og stundar nám frá Noregi





# Páskahelgin í Bolungarvík

## Njóttu hennar með okkur!

### Miðvikudagur

06:15-21:00 Sundlaug Bolungarvíkur

### Skírdagur

10:00-11:00 Samflot í Sundlaug Bolungarvíkur

10:00-18:00 Sundlaug Bolungarvíkur

11:00-12:00 Ferming í Hólskirkju

13:00-17:00 Talandi arnpáfi og páskaleikur á Náttúrugripasafninu

16:00-18:00 Karlagufa í Sundlaug Bolungarvíkur

19:00-22:00 Kótilettukvöld í Einarshúsi

### Föstudagurinn langi

10:00-18:00 Sundlaug Bolungarvíkur

11:00-12:00 Píslarsaga Jesú Krists í Hólskirkju

16:00-18:00 Kvennagufa í Sundlaug Bolungarvíkur

### Laugardagur

10:00-18:00 Sundlaug Bolungarvíkur

13:00-17:00 Talandi arnpáfi og páskaleikur á Náttúrugripasafninu

10:00-15:00 Opið fyrir sundlaugargesti í gufu

15:30-18:00 Karlagufa í Sundlaug Bolungarvíkur

### Páskadagur

09:00-10:00 Hátiðarmessa í Hólskirkju

10:00-11:00 Samflot í Sundlaug Bolungarvíkur

10:00-18:00 Sundlaug Bolungarvíkur

10:00-18:00 Opið fyrir sundlaugargesti í gufu

### Annar í páskum

10:00-18:00 Sundlaug Bolungarvíkur

10:00-18:00 Opið fyrir sundlaugargesti í gufu

### Verslun og þjónusta

#### Bjarnabúð

Opið skírdag 10:00-18:00, föstudaginn langa 12:00-18:00, laugardag 10:00-18:00, páskadag 12:00-18:00 og annan í páskum 12:00-16:00.

#### Drymla

Opið alla daga um páska frá 13:00-17:00 nema lokað á föstudaginn langa.

#### Einarshúsið

Opið 11:00-21:00 alla daga um páska.

#### Geiri á sjoppunni

Opið 10:00-22:00 alla daga um páska.

#### Kjörbúðin

Opið skírdag 12:00-18:00, föstudaginn langa lokað, laugardag 10:00-18:00, páskadag lokað og annan í páskum 12:00-18:00.

#### O-Design

Skírdagur 13:00-17:00 og laugardagur 13:00-17:00.



Talandi arnpáfi



Samflot



Kótilettukvöld



Píslarsagan

### Áætlunarrúta á Aldrei fór ég suður - aldrei.is

#### Föstudag og laugardag:

Bol-Ísa 19:45, 21:30 og 00:00

Ísa-Bol 20:15, 22:00 og að lokinni dagskrá Aldrei

Stoppistöðvar eru Sundlaugin í Bolungarvík og Einarsgata við Vínbúðina á Ísafirði

#### Verðskrá

1.000 kr. fyrir fullorðna,

500 kr. fyrir grunnskólabörn,

frítt fyrir yngri

#### Áætlunarferðir 893 8355

[bolungarvik.is/aaetlun](http://bolungarvik.is/aaetlun)

Virka daga:

Ísa-Bol 07:00, 12:30, 14:15, 15:45 og 18:00

Bol-Ísa 07:30, 13:00, 14:30, 16:30 og 18:30

Auk þess fer flugrúta í öll flug



BOLUNGARVÍK






Páskar, skíði og Ísafjörður, þetta eru næstum því samheitaorð. Páskarnir eiga heima á Ísafirði og hingað streymir fólk til að koma á skíði og njóta.

Stemmingin á Ísafirði um páska einstök, það er eitthvað í loftinu sem erfitt er að festa hönd á. Samheldni og afslappað andrúmsloft. Við prófum nýja hluti og höldum í hefðirnar á sama tíma.

Við skíðum á daginn, förum í sund, leikhús og á kaffihús. Á kvöldin hittumst við í heimahúsum og kíkjum svo á Aldrei. Þar fáum við að heyra tónlist sem er vel kunn flestum en alltaf er eitthvað nýtt líka. Sjálf hefði ég aldrei keypt mig inn á HAM eða FM Belfast, já eða Risaeðlurnar en á Aldrei verður allt svo sjálfsgagt og skemmtilegt og nú er ég farin á hlusta á hin og þessi bönd sem annars hefðu aldrei ratað í spilarann.

Páskar á Ísafirði eru líka heimkomuhátíð. Þá koma brottfluttir Ísfirðingar heim. Heim til mömmu og pabba, frændfólks og vina. Árlegir endurfundir sem glæða vina- og fjölskyldubönd. Legið er í öllum fletum, í bílskúrum og jafnvel þvottahúsum á alls konar dýnum. Allir vilja vera saman og njóta.

Skíðafélag Ísfirðinga á stóran þátt í páskum á Ísafirði. Skíðavíkan er sennilega elsta „útihátíð“ landsins, á rætur sínar að rekja áratugi aftur í tímann. Þó hún hafi tekið breytingum í árana rás er samt dalurinn og nú Dalirnir tveir miðpunktur hennar. Þar skemmtum við okkur, etjum kappi og borðum pylsur, drekkum kakó og reynum að grípa karamellur sem falla af himnum ofan. Andrúmsloftið er afslappað. Í ár hefur skíðafélagið sett aukinn metnað í dagskrána á



Dölunum. Kyndlaganga verður á Seljalandsdal, samhliðasvíg verður í Tungudal þar sem félagar, vinir og ættingjar geta skorað á hvern annan og styrkt í leiðinni krakkana í SFÍ sem eru á leið á Andrés. Svo verður samskiðun og margt fleira.

Það verður því mikið að gera hjá félagsmönnum í SFÍ um páskana eins og endranær. Þá er gott að eiga að duglegt fólk sem endalaust er tilbúið til að leggja á sig vinnu fyrir félagið. Það er kannski okkar mesti fjársjóður. Allir sjálfboðaliðarnir sem endalaust eru tilbúnir að leggja á sig vinnu fyrir félagið. Hvort sem það er á virkum degi, helgum eða stórhátíðum þegar allir aðrir eru í fríi. Það er þakkarvert og í þannig samfélagi viljum við búa, þar sem allir taka þátt.

Að lokum langar mig að enda þessa hugleiðingu á ljóði eftir Ingibjörgu Sigmundsdóttur.

*Athygli ég á þeim vek  
sem iðka skíðalistir  
og sér á dalinn sækja þrek  
sólargeislapyrstir*

*Flæðir sól um fjallasal  
frá svo skuggar víki,  
það er að finna upp á dal  
ísfirskt himnaríki.*

## Gleðilega skíðapáska

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir,  
formaður Skíðafélags Ísfirðinga

## Skíðablaðið 2018

**Útgefandi:** Skíðafélag Ísfirðinga

**Ritnefnd:** Jóhanna Oddsdóttir, Sigríður L. Sigurðardóttir, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Heimir Hansson.

**Auglýsingar:** Jóhanna Oddsdóttir.

**Ljósmynd á forsíðu:** Gunnar Bjarni Guðmundsson

**Hönnun:** GBG

**Prentun:** Pixel ehf.

**Ljósmyndir:** Ágúst Atlason, greinarhöfundar, ritnefnd o.fl.

**Stjórn SFÍ:**

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, formaður

Sigríður Sigurðardóttir, gjaldkeri

Ásgerður Þorleifsdóttir, Jóhann Bæring Pálmason og Sif Huld Albertsdóttir, meðstjórnendur

**Heimasíða:** www.snjor.is



Skíðavíkustjóri:

Esther Ósk Arnórsdóttir  
Umsjónarmaður Félagsmiðstöðvar  
Heimasíða: www.skidavikan.is



# Fossavatnsgangan 2018

Fossavatnsgangan er orðin að stórum viðburði í íslensku íþróttalífi og margir farnir að líta á það sem fyrsta vorboðann að sjá Ísafjörð og nærliggjandi bæi fyllast af skíðafólki, innlendu sem erlendu. Þessi ganga, sem í upphafi taldi sjö þátttakendur og var áratugum saman lokuð öðrum en Ísfirðingum, er orðin að rúmlega þúsund manna hátíð þar sem saman kemur fólk frá öllum heimshornum.



Það má segja að Fossavatnsgangan hafi tekið sinn fyrsta vaxtarkipp á árunum upp úr 1985 þegar mótaröðin Íslands-gangan var stofnuð. Fossavatnsgangan var með í þeirri mótaröð og þar með gat skíðafólk úr öðrum héruðum loks tekið þátt sem fullgildir keppendur. Stóra stökkið kom svo árið 2015 þegar gangan fór í fyrsta sinn fram undir merkjum alþjóðlegu móta-raðarinnar Worldloppet. Þá hófst ævintýrlegur vöxtur sem enn sér ekki fyrir endann á.

Líklega voru bræðurnir Pál Gunnar og Eilef Mikkelsplass fyrstu erlendu þátttakendurnir í göngunni en þeir komu sem boðsgestir árið 1985. Pál Gunnar var þá einn allra besta skíðagöngumaður heims en lét þó bróður sinn skjóta sér ref fyrir rass í það skiptið. Í kjölfarið hafa svo komið margar af helstu stjörnum skíðagönguheimsins, verðlaunahafar af Ólympíuleikum og heimsmeistarámótum, sigurvegarar úr Vašagöngunni o.s.frv. Innvígðir



■ Ræst út í 50 km. gönguna í fyrra, Petter Northug er fyrir miðju með rásnúmer 1

kannast við nöfn eins og Thomas Alsgaard, Oskar Svärd, Hilde G. Petersen, Ilya Chernousov, Suzanne Nyström, Justyna Kowalczyk og Seraina Boner. Listinn er orðinn býsna langur. Í fyrra kom svo þekktasti skíðagöngumaður samtímans, Petter Northug frá Noregi, og sigraði í göngunni.

Það eru þó e.t.v. ekki stóru stjórnurnar sem skipta öllu máli í mótum á borð við Fossavatnsgönguna. Þetta er hátíð alls skíðafólks með áherslu á almenning og hinn „venjulega“ trimmara. Allir ættu að geta fundið sér vegalengd við hæfi og farið hana á sínum eigin forsendum. Að venju er öllum þátt-

takendum boðið í hið víðfræga Fossavatnskaffi að göngu lokinni og þeir sem fá miða geta svo klárað helgina með stæl í Fossavatnspartýinu um kvöldið.

Í ár hefst dagskráin fimmtudaginn 26. apríl með 25 km skautagöngu og Fjölskyldu Fossavatninu, þar sem gengnir verða 5 km og 1 km. Laugardaginn 28. apríl eru svo þrjár vegalengdir í boði, 50 km, 25 km og 12,5 km. Líkast til verða rásnúmerin í 50 km gönguna um það bil að verða uppseld þegar þetta birtist á prenti en félagsmenn í Skíðafélagi Ísfirðinga geta þó enn skráð sig til leiks. Ekki er neitt hámark á fjölda

■ „Það er bara fólk út um allt“ orð að sönnu frá Daniel Jakobssyni einum af aðstandendum Fossavatnsgöngunnar





■ Gleðin er allsráðandi



■ Guðbjörg Rós hress í sporinu



■ Það eru allir sigurvegarar



■ Frá 1 km. Fjölskyldu Fossavatninu



■ Frá 5 km. Fjölskyldu Fossavatninu



■ Þétt faðmlag frá stolltum þjálfara

þátttakenda í öðrum vegalengdum en 50 km.

Fossavatnsskaftið fer fram á laugardeginum en vakin er athygli á því að það er að sjálfsgöngu einnig opið öllum sem taka þátt í göngunum á fimmtudeginum.

Nánari dagskrá kemur hér fyrir neðan en aðrar nytsamlegar upplýsingar, svo sem um bílaumferð og rútuferðir, rástíma, reglur o.fl. má finna á [www.fossavatn.com](http://www.fossavatn.com).

**Fimmtudagur 26. apríl:**

18:15: 25 km Fossavatnsskaut - Fjölskyldu Fossavatn, 5 km, 1 km  
20:30-22:30: Móttaka fyrir handhafa Worldloppet passa á Gamla sjúkrahúsinu

**Laugardagur 28. apríl:**

09:00 Fossavatnsgangan 50 km - 10:00 Fossavatnsgangan 25 km  
10:10 Fossavatnsgangan 12,5 km - 15:00-17:30 Kökuhlaðborð Fossavatnsgöngunnar - 20:00-01:00: Fossavatnspartýið. Sjávarréttaveisla og dansleikur. Aðgangseyrir kr. 6.500. Miðasala á [www.fossavatn.com](http://www.fossavatn.com).



■ Á meðan þú kinn keppir, vinnur mamman sem sjálfbóaliði í „fatahenginu“ og bæði tvö fara þau heim sæl og glöð.





# OPNUNARTÍMI

## SUNDSTAÐA Í ÍSAFJARÐARBÆ



### SUNDHÖLL ÍSAFJARÐAR

Mán, þri, fim: 07.00 - 08.00 & 17.30 - 21.00

Mið og fös: 07.00 - 08.00 & 16.00 - 21.00

Lau og sun: 10.00 - 17.00

### SUÐUREYRARLAUG

Þri-fim: 16.00-19.00

Lau og sun: 10.00-15.00

Mán og fös: Lokað

### FLATEYRARLAUG

Þri-fim: 13.00-19.00

Lau og sun: 13.00-16.00

Mán og fös: Lokað

### ÞINGEYRARLAUG

Mán-fim: 08.00-10.00 & 17.00-20.00

Fös: 08.00-10.00

Lau: Lokað

Sun: 10.00-16.00

# PÁSKAOPNUN

DAGSETNING	ÍSAFJÖRÐUR	SUÐUREYRI	FLATEYRI	ÞINGEYRI
Mán, þri, mið	07.00 - 21.00	13.00 - 19.00 LOKAÐ MÁN.	13.00 - 19.00 LOKAÐ MÁN.	08.00 - 12.00 & 14.00 - 20.00
Skírdagur	10.00 - 18.00	13.00 - 19.00	13.00 - 19.00	10.00 - 18.00
Föstudagurinn langi	10.00 - 18.00	13.00 - 19.00	13.00 - 19.00	10.00 - 18.00
Laugardagur	10.00 - 18.00	11.00 - 17.00	13.00 - 19.00	10.00 - 18.00
Páskadagur	10.00 - 15.00	11.00 - 17.00	11.00 - 16.00	12.00 - 18.00
Annar í páskum	10.00 - 15.00	LOKAÐ	LOKAÐ	12.00 - 16.00





# NUMIÐ Í NOREGI

Það er enginn sérstakur skortur á menntaskólum á Íslandi, en samt sem áður er það vel þekkt að krakkar í afreksíþróttum sækja sitt menntaskólanám til útlanda þar sem sérhæfðir skólar bjóða þeim uppá að stunda æfingar við bestu aðstæður, samhliða náminu. Síðastliðið haust héldu þrír íslenskir skíðakrakkar til Noregs þar sem þau hófu nám í slíkum skóla. Þetta eru Ísafirðingarnir Jakob Daniélsson og Kolfinna Íris Rúnarsdóttir ásamt ísfirskum Akureyringi, Agli Bjarna Gíslasyni.

Skólinn sem þau eru í heitir Meråker vidergående skole og er staðsettur um 80 km austur af Bråndheimi. Skólinn er einn af minnstu menntaskólunum í Noregi, með um 200 nemendum, en er jafnframt einn af þeim þekktustu. Í skólanum er hægt að velja á milli nokkurra brauta allt eftir því hvar áhuginn liggur. Til dæmis er hægt að velja fótbolta, handbolta, skíðagöngu, skíðaskotfimi, útivist eða venjulega menntaskólabraut. Margir þekktir skíðamenn og ólympíufarar hafa stundað nám við skólann eins og til dæmis Emil Iversen, Finn Hågen Krogh, Petter Northug og Martin Johnsrud Sundby.

Blaðamaður hafði samband við krakkana til að ræða við þau um lífið í Noregi.

## Hvernig var tekið á móti ykkur þegar þig komuð í skólann?

Það ver tekið rosalega vel á móti okkur, allir kennarar og þjálfarar voru mjög hjálpsamir og góðir. Svo má ekki gleyma afa Guðmundi og

ömmu Evu (afi og amma Kolfinnu) sem eru orðin afi og amma okkar allra. Þau búa í Meråker og eru búin að hjálpa okkur rosalega mikið og tóku heldur betur vel á móti okkur.

## Hvernig var fyrsti skóladagurinn?

Egill Bjarni: Ég braut símanninn minn

Jakob: Kennarinn spurði hvar ég byggi og ég svaraði „já“ það fóru allir að hlæja að mér

Kolfinna: Þrátt fyrir að hafa ekki skilið neitt af því sem var að gerast í kringum mig þá var fyrsti skóladagurinn bara finn.

## Var þetta sameiginleg ákvörðun hjá ykkur?

Nei eiginlega ekki. Það byrjaði þannig að Egill og Jakob ákváðu að fara og svo var Kolfinna líka allt í einu komin með. Mjög flippað.

## Hvernig er skóladagurinn hjá ykkur?


Skóladagarnir eru mjög skemmtilegir. Við byrjum oftast á æfingu uppi á skíðasvæði klukkan 8:30 og förum svo niður í skóla eftir. Þar förum við í sturtu og troðum í okkur mat. Kennslustundirnar byrja svo eftir hádegi en okkur finnst ekki leiðinlegt í tímum. Þegar skólinn er búinn löbbum við heim en stundum stoppum við í búðinni ef þess þarf. Á kvöldin eldum við svo kvöldmat, gerum heimanám og chillum svo feitt.

## Ætlið þið að halda áfram næsta vetur?

JepsiPepsi

## Mynduð þið ráðleggja öðrum að fara í skíðamenntaskóla?

## Heldur betur



@egillbjarni

@kolfinnairis

@jakob



# Ný heimasíða craft.is

 Glæsileg vefverslun



Craft hjólafatnaður ∴ Craft hlaupafatnaður  
Craft innsta- og millilag ∴ Craft skíðafatnaður

**CraftSport**  
Austurvegi 2, Ísafirði | 456 3110



Vegna mikillar sölu undan farin ár  
vantar okkur allar gerðir eigna á skrá



- Þjónusta í heimabyggð
- Sjáum um sölufurlið frá byrjun
- Sjáum um að sýna eignina
- Ókeypis söluverðmat

**Guðmundur Óli Tryggvason**

*löggiltur fasteignasali*

 Hafnarstræti 19  456 3244  eignir@fsv.is  www.fsv.is



# Páskamíning

brottfluttra Ísafirðinga

Gísli Einar og Sigrún María

## Afhverju páskar á Ísafirði?

Að halda páska á Ísafirði er okkur jafn sjálfsagt og að halda jólin í desember! Það eru engir páskar nema við séum á Skíðavíku fyrir vestan. Og jú, við höfum samburðinn því einu sinni álpaðist fjölskylduáfaririnn til að vera í próflestri í höfuðborginni og í tvö skipti var búseta erlendis að þvælast fyrir okkar.

Við komum vestur á hverju ári og njótum þess að vera með fjölskyldu og vinum, njótum þess að skíða á Seljalands- og Tungudal, nú eða sækja listviðburði á Skíðavíku.

Samvera með fjölskyldunni er það sem er alltaf efst á baugi. Ef drengirnir okkar eru spurðir að því hvað sé best við páska á Ísó þá svarar sá frændræki sem saknar alltaf afa og amma á Ísafirði - „**að vera með frændsystkinunum**“. Skíðamaðurinn segir „**að fara öll saman á gönguskiði með nesti**“ sé best við samveruna á Ísafirði, en nammigrísinn er nú þegar búinn að hlakka til í nokkrar vikur að fara í „**páskaeggjaleitina hjá langömmu**“. Okkur foreldrunum finnst dagurinn fullkominn ef við



■ Eftir velheppnaðan dag í Tungudal. Sigrún María, Birkir Kári, Gísli Einar, Einar Árni og Egill Bjarni

skíðum svolítið með börnunum í Tungudal og klárum svo daginn öll saman á gönguskiðum á Seljalandsdal. Skíðadagur drauma minna felst í að skíða frá Seljalandsdal inn á Breiðadals- og Botnsheiði með bláan himinn og hvíta jörð - og þann draum hef ég verið svo heppinn að upplifa oft en einu sinni og á vonandi eftir að upplifa marga páska enn. Á slíkum dögum er skíðatúr í Vestfirsku umhverfi næring fyrir líkama og sál sem á sér enga líka.

Eftirminnilegur dagur, sem við rifjum stundum upp, er þegar við feðgar fórum á páskadag með páskaegg í poka, fundum snjóhús á Seljalandsdal og veltumst um í snjónum,



■ Egill Bjarni og Einar Árni á góðum degi á Seljalandsdal



■ Birkir Kári og Arnar Gauti

borðuðum páskaegg, lékum okkur og bjuggum til ævintýri. Svoleiðis dagar gleymast ekki!

Við reynum líka alltaf að vera dugleg að sækja viðburði Skíðavíkkunnar og eldri strákarnir okkar eru grimmir í að fara „á rokkið“ á Aldrei fór ég suður. En það hefur hinsvegar orðið fastur liður í yngri deildinni okkar að fara á leiksýningu á Þingeyri og höfum við alltaf gaman af.

Þannig að Skíðavíkan er og hefur alltaf verið fastur liður í páskahaldi fjölskyldunnar, og verður áfram. Sjáumst á Dalnum um páskana!

*Páskakveðjur, Gísli Einar og Sigrún María, Egill Bjarni, Einar Árni, Birkir Kári og Arnar Gauti*



■ Stórfjölskyldan úr Árholtinu samankomin á Seljalandsdal





Ekki alltaf auðvelt  
að vera kona í  
skíðabransanum

— Sigrún Grímsdóttir —



**P**egar blaðamann ber að garði að heimili Sigrúnar Grímsdóttur í Garðabæ er hún að hamast við að koma barnabörnunum í skíðagallana og senda upp í Bláfjöll á skíði. Ullarnærföt, klossar, hjálmar, skíði, stafir, eitthvað hlýtt um hálsinn og góða skapið. Það er gleði og galsi og einhver atorka í þessari konu sem blaðamaður kemst alls ekki nógu oft í tæri við. Sigrúnu Grímsdóttur, betur þekkt sem Sirra Gríms, kannast margir Ísfirðingar við, einkum þeir sem fylgjast með skíðabransanum. Sirra er fædd á Ísafirði árið 1955 og að mestu leyti uppalin á Ísafirði, dóttir Jóhönnu Bárðardóttur og Gríms Jónssonar loftskeytamanns. Hún er úr stórum systkinahópi sem samanstendur af einni systur og fimm bræðrum.

### Skíðaáhuginn kviknaði samstundis

„Við bjuggum á Engjavegi, sem var algjör sæla og það voru bara allir alltaf að leika sér á skíðum,“ segir Sirra. Sirra segir að í fyrsta skiptið sem hún komst í tæri við skíðaíþróttina hafi hún vitað að þarna væri eitthvað sem hún vildi verja lífi sínu í. Hún sá fyrst skíðakeppni á Landsmóti á Ísafirði, þar sem keppendur í alpagreinum renndu sér niður að Seljalandi. Sirra hafði heyrt af skíðakeppninni og fór gangandi inn að Seljalandi til að fylgjast með keppni. „Ég hef verið svona 10 ára – ég varð alveg heilluð og hugsaði með mér: „Þetta er eitthvað sem ég vil og verð gera“ og það voru þarna spor eftir skíðakonurnar og ég reyndi að ganga í þau, svo ég fetaði bókstaflega í fótspor þeirra.“ Sirra var heilluð og vildi endilega prófa að renna sér sjálf, en verandi úr stórum systkinahópi var erfitt að kaupa skíðabúnað. Fljótlega fannst þó einhver búnaður hingað og þangað sem hægt var að setja saman svo Sirra gat prófað að standa á skíðum.

### Kaupir skíði fyrir fyrsta kaupið

Um leið og Sirra fékk sína fyrstu vinnu var



auðséð að launin færu í að safna fyrir skíðum. Strax og henni hafði tekist að safna þeirri upphæð sem til þurfti lá leiðin beint í Bókhlöðuna svo kaupa mætti skíði. „Árni Búbba (innskot blaðamanns Árni Sigurðsson)

**Ég var lítil og frekar  
seinþroska og stuttklippt í  
þokkabót svo það var alltaf  
verið að taka feil á mér  
og Jóni bróður eða Bárði**

gaf mér skó af sér, leðurskó með smellum – alltof stóra skó – en mér fannst ég heldur betur vera komin með flottar græjur.“ Fram að því hafði Sirra verið í skóm sem höfðu verið keyptir af föður hennar, u.þ.b. 10 númerum of stórir, svo öll fjölskyldan gæti



notað þá og hafði Sirra farið í þeim á Unglingameistaramót á Siglufirði: „Ég veit ekki hvað ég var í mörgum ullarsokkum og svo þurfti mannskap til að herða á mig skóna því alltof stórir voru þeir – en ég keppti í þessu, mjög sæl með mína tvíreimuðu svínsleðurskó.“

### **Ekki mikið um íþróttir fyrir stelpur**

„Það var ekki mikið um íþróttir fyrir stelpur á þessum tíma, og ég var svolítið óþekk og með mikla orku, svo til að geta æft eitthvað á sumrin, þá æfði ég fótbolta með strákunum. Eitt sumarið var ákveðið að fara á ungmennafélagsmót rétt við Laugarvatn. Þá var Bryndís templaraforseti ungmennafélagsins á Ísafirði, en það fór rúta frá Ísafirði á þetta mót,“ segir Sirra og glottir, það er greinilegt að nú er góð saga framundan. „Þarna voru foreldrarnir búnir að ákveð að fara í eina skiptið í frí með öll börnin. Svo það var farið á Willisjeppa með blæju, fjögur börn aftur í og foreldrar mínir fram í og allt nestið hengt utan á bílinn – siginn fiskur og harðfiskur, hákarl og ég veit ekki hvað og hvað – við börnin skömmuðumst okkar að sjálfsgöðu alveg ofan í tær fyrir þetta allt saman,“ segir Sirra og skellir upp úr. „Ég hafði fengið í fermingargjöf átta manna tjald, og með þetta tjald förum við Jóni bróðir á þetta ungmennafélagsmót. Nema hvað að þarna er fót-

## **Var fysta stelpa sem starfaði sem þjálfari í Kerlingarfjöllum hjá Valdimari Örnólfssyni**

boltamót kvenna og ákveðið að við stelpurnar frá Ísafirði skipum fótboltalið á staðnum. Addó Magg var í þessari ferð og lánaði mér fótboltabúninginn sinn, og ég skoraði þarna þónokkur mörk og þá var leikurinn flautaður



■ Gömul blaðaútklippa

af og sagt að Ísfirðingarnir væru að svindla því þeir væru með strák inni á vellinum – mig. Ég var lítil og frekar seinþroska og stuttklippt í þokkabót svo það var alltaf verið að taka feil á mér og Jóni bróður eða Bárði. Svo þarna var leikurinn flautaður af og úr varð að ég var tekin inn í tjald og girt niður um mig til að ganga úr skugga að þarna væri stelpa á ferðinni! En ég var augljóslega stelpa og fékk að fara aftur inn á og við unnum leikinn 10-0!“ segir Sirra og skellihlær á meðan blaðamaður sýpur hveljur.

### **Fréttir af skíðaskóla í Kerlingarfjöllum**

Þrátt fyrir sigur í fótbolta á ungmennafélagsmóti áttu skíðin ávallt allan hug og tíma Sirru. Haukur Sigurðsson var með skíðakennslu fyrir vestan á þessum árum og bjó við hlið Grímsfjölskyldunnar, og ýtti hann Sirru áfram í átt að skíðunum. „Haukur var mér alltaf mjög hjálplegur með útbúnað og annað. Það var engin skíðaþekking til heima hjá mér. Ég var að aðstoða hann við skíðakennslu heima, og ætli ég hafi ekki verið orðin





■ Við kennslu í „Kelló“

svona 15 ára þegar ég frétti af skíðaskóla í Kerlingarfjöllum. Þá var ég búin að vera að skíða í nokkur ár, orðin Vestfjarðarmeistari, og farið að þyrsta í að læra meira,“ segir Sirra. Á þessum tíma er Sirra orðin heltekin af

Ég ætlaði mér mjög langt á skíðunum og ég vildi fara Ólympíuleikana, og ég held ég hafi haft alla burði til þess að ná þangað

skíðunum og vill ekkert gera nema vera á skíðum. Hún skrifar Valdimari Örnólfssyni, eiganda Kerlingarfjalla, bréf og biður um að fá að koma í skíðaskólann. Úr verður að Sirra og Kristín Högnadóttir taka rútuferðafélagsins í Kerlingarfjöll til að fara í skíðaskóla í þrjár vikur, nestaðar nýjum skó og þurrmat fyrir dvölinu. „Við vorum í þrjár vikur í skíðaskóla

og þegar komið er að því að fara heim, kemur Valdimar til mín og spyr hvort ég vilji ekki vera áfram, hann vanti skíðakennara. Ég vissi ekki hvert ég ætlaði og hélt hreinlega að það myndi líða yfir mig! Þetta fannst mér svo mikið virðingarstarf, og stelpa í þokkabót, engin stelpa hafði áður verið í starfi skíðakennara.“

**Heljarstökk sem fór illa**

„Ég ætlaði mér mjög langt á skíðunum og ég vildi fara Ólympíuleikana, og ég held ég hafi haft alla burði til þess að ná þangað. Ég var að þjálfva skíði og æfa mikið, en lendi í því hræðilega slysi að ég hálsbrýt mig þegar ég er 18 ára. Ég var að fara í heljarstökk og lenti illa. Þannig að draumurinn um að komast á Ólympíuleikana rann út í sandinn,“ segir Sirra. Það vekur athygli blaðamanns að hún virðist ekki tala um slysið af reiði eða eftirsjá. „Ég var í nokkra mánuði á spítala og fyrstu árin var þetta mjög erfitt. En þá ákvað ég að fara til Austurríkis og læra að vera skíðakennari til að geta kennt öðrum að komast á Ólympíuleikana!“ Aðspurð hvort hún hafi verið fljót að átta sig á því að skíðakennarahlutverkið yrði





■ Frá þjálfaranámskeiði sem haldið var á vegum SKÍ, Sirra er þriðja frá vinstri.  
Ljósmynd: Gummi Kobba

hennar aðalhlutverk segist Sirra aðeins hafa vitað að hún ætlaði sér að vera á skíðum „Það var mjög erfitt að sjá Ólympíudrauminn hverfa en ég var samt harðákveðin í því að vera áfram á skíðunum. Ég fer því til Austuríkis og tek skíðakennarapróf og þegar ég kem heim fékk ég æðislega skemmtilegt starf því ég var ráðin hjá Íþróttasambandi Íslands til

**Dreif sig til Bandaríkjana  
með skíðin í kassa,  
barnsföðurinn og litla  
soninn til að fara í  
alflottasta skíðaskóla  
sem til var í Ameríku**

að fara um landið á þau svæði þar sem ekki voru íþróttahús og kenna börnum á skíði í staðinn. Ég fór á staði allt frá Þingeyri og Bíludals, yfir á Grundarfjörð og Austfirðina líka.“ Á þessum tíma voru á flestum stöðum ekki lyftur, svo börnin þurftu að ganga upp og niður brekkurnar. Þegar skíðakennarinn mætti í bæinn var frí í skólanum og öll börn drifin út og í skíðakennslu til Sirru. Um helgar komu bændurnir og með kakó og vöffur, allir voru svo áhugasamir að læra á skíði. „Ég var upp í fjalli allan daginn, sem ar auðvitað það langbesta sem ég gat hugsað mér,“ segir Sirra

himinsæl. Sirra hefur síðan unnið mikið með börnum og ungmönnum, þjálfað og rekið sumarbúðir fyrir börn. Hún hefur líka tekið öll stig í skíðakennslu og lært í Austurríki og Bandaríkjunum.

**Gifting í nafni skíðanna – og græna kortsins**

Sirra virðist vera kona sem endalaust er að finna sér ný og hærrí markmið og eitt skiptið þegar hún er í Austurríki að kenna heyrir hún af einhverjum þeim „alflottasta skíðaskóla sem til er í Ameríku.“ Um var að ræða skóla á Squaw Valley skíðasvæðinu í Kaliforníu, þar sem Vetrarólympíuleikarnir voru haldnir árið 1960. Um þetta leyti er Sirra að verða 22 ára.

Ákveðin í að komast þarna inn drífur Sirra sig af stað, með skíðin í kassa, og tilvonandi barnsföður beint til San Fransisco. Þar fær hún vinnu við að skúringar og þrif hjá efnuðum fjölskyldum á svæðinu, enda ekki með atvinnuleyfi. Svo kemur að því að fara í Squaw Valley og þar kemur í ljós að kennaranámið þar kostar einhvern „böns af pening“ svo Sirra biður um að fá að taka viku af námskeiðinu og taka svo lokaprófið. Af 180

**Af 180 manns sem hófu  
kennaranámið, kláruðu  
aðeins 8 manns og var  
Ísfirðingurinn sjálf næst  
hæst á prófinu, á eftir  
Svisslendingi**





■ Við kennslu í Bandaríkjunum

manns sem hófu kennaranámið, kláruðu aðeins 8 manns og var Ísfirðingurinn sjálfur næst hæst á prófinu, á eftir Svisslendingi.

Sirru og franskri stelpu sem var í skólanum með henni er í framhaldinu boðin skíða-kennarastaða við skólann. En þá voru góð ráð

### Þarna var hann, spikfeitur með alskegg og hét Bear

dýr, Sirra blönk og í þokkabót ekki með græna kortið. Skíðaskólinn segist oft hafa ráðið útlendinga og það sé nú til einföld lausn við því – ekkert mál sé að finna skíðakennara til að giftast þeim stöllum, en að „brúðgumarnir“ taki 4.000 dollara fyrir ómakið. Ekki fannst Sirru það nú hægt svo hún hringir í Jón bróður sinn sem var á sjó við San Fransisco og segir honum að hún verði að gifta sig. Sirra segist

hafa reynt allar leiðir til að græja græna kortið, en ekkert orðið ágengt: „Ekki líður á löngu þar til að Jón bróðir hringir, á einhverju skralli þarna niðurfrá, og segir mér að drífa mig af stað „hann Bear ætlar að giftast þér,“ ég stekk að sjálfsögðu til og segi við Birgi barnsföður minn „við verðum að drífa okkur niður að Fisherman’s Wharf, Nonni bróðir er búinn að finna mann sem ætlar að giftast mér!“ segir Sirra og hlær.

Þegar í Fisherman’s Wharf er komið, hittir Sirra tilvonandi „eiginmann“ sinn: „Þarna var hann, spikfeitur með alskegg og hét Bear. Morguninn eftir er komið að brúðkaupinu –

### Úr verður að Biggi barnsfarðir er svaramaður minn, og ég giftist Bear þarna og hef aldrei séð þennan mann fyrr eða síðar

þá vildu þeir allir fara að gera rosa mál úr þessu, fara í kirkju, klæða sig upp og taka myndir, og vildu kaupa blóm og gera heljarinnar umstang í kringum brúðkaupið. Sirra tók það ekki í mál, en varð svo að gefa sig. „Þar sem Bear var svo greiðvikinn að giftast mér, þá gat ég ekki annað en tekið þátt í vitleysunni. Úr verður að Biggi barnsfaðir er svaramaður minn, og ég giftist Bear – presturinn giftir okkur en þegar hann segir „You may kiss the bride“ þá hélt ég nú aldeilis ekki og tók ekki þátt í því að fara að kyssa einhvern ókunnugan mann. Að athöfn lokinni skutla ég þeim aftur niður í San Fransisco og hef aldrei séð þennan mann fyrr eða síðar!“

### Ekki alltaf auðvelt að vera kona í skíðabransanum

Sirra kenndi í Squaw Valley í tvö ár en þurfti svo að koma heim vegna fjölskylduáðstæðna,



en hætti alls ekki á skíðunum. Skíðakennsla, þjálfun og skipulag í kringum skíði, skíðaleiga og þjálfun ungmenna hefur meira og minna verið aðalstarf Sirru allt hennar líf – með stöku undantekningum eins og hótélrekstri og starfi sem rafvirki.

Sirra segir að verandi kvenkyns þjálfari hafi hennar búningar iðulega verið merktir „kennari“ en karlkyns samstarfsmenn hennar (sem jafnvel voru ekki þjálfarar) voru merktir „þjálfari“ og hafi oft verið endalaust stríð að tryggja það að hún fengi jafnhátt kaup eða

## Ég reyndi að hafa það að leiðarljósi að allir væru snillingar

hærra og karlkyns samstarfsmenn, sem voru jafnvel ekki með nema brotabrot af hennar reynslu af þjálfun og rekstri skíðasvæða og skóla. Strákunum hafi í tíma og ótíma verið boðinn frír skíðabúnaður og fatnaður, en stelpurnar þurft að kría út afslátt. Sirra segir þetta þó vera að breytast í dag.

### Lífið endar hjá manni sjálfum

Aðspurð hvort hún hafi einhvern tíma verið við það að gefast upp segist Sirra hún einu sinni hafa brotnað saman. Þá hafi hún unnið til Íslandsmeistaratitils og fengið æfingabúðir í Grenoble í Frakklandi í verðlaun. Búðirnar voru haldnar yfir jólin og tók Sirra engu tali frá foreldrum sínum um að vera heima, heldur þrjóskaðist til Frakklands 17 ára gömul. „Eftir að hafa unnið og unnið allt haustið í slippnum á Ísafirði til að eiga fyrir ferðalaginu og upphaldinu, kem ég út til Frakklands á þetta gífurlega dýra svæði og tími lítið að kaupa mér að borða og er svöng, þreytt og get ekki átt samskipti við neinn því ég tala ekki frönsku. Að löngu og dýru ferðalagi loknu voru vonbrigðin algjör þegar í ljós kom að snjólaust var á svæðinu. Eitt kvöldið brest ég svo bara í grát, og vildi bara

fá að fara heim. Mér er skuttlað í lest sem ferjar mig til Lúxemborgar, lendi þar á Þorláksmessu þar sem ég kemst í samband við einhverja Íslendinga og segist vera frá Ísafirði, dóttir Gríms loftskeytamanns. Þá átti eftir að skuttla starfsliðinu heim í jólafrí og þar fæ ég flugfar heim til Íslands,“ segir Sirra og grínast með að þarna hafi þrjóskað kannski komið henni í smá vandræði. En hún lét þetta ekki stöðva sig eins og ævintýralegt líf hennar hefur sýnt.

Sirra er ennþá á bólakafi í skíðaíþróttinni frá hliðarlínunni og er með réttindi til að þjálf landslið. Hún hefur ekki getað stundað skíðin mikið undanfarið ár eða tvö vegna meiðsla, en leggur þeim mun meiri atorku í að koma barnabörnunum upp á lagið. „Þrátt fyrir meiðsli og hark þá hafði ég alltaf svo rosalega gaman af skíðunum. Og mér þótti og þykir svo agalega vænt um krakkana sem ég hef fengið að þjálf, þetta er svo gefandi starf. Ég reyndi að hafa það að leiðarljósi að allir væru snillingar. Strákar og stelpur eru ólík og þurfa ólíka nálgun til að haldast í æfingum. Það þarf að vera næs við þessa krakka. Þau eru í erfiðu námi, þau eru á svakalega erfiðum æfingum og kröfurnar eru svo svakalegar. Það þýðir ekki að beita þau hörku,“ segir Sirra. Í dag eru hlutirnir þó að breytast, þjálfari og barn séu teymi, það sé vonandi af sem áður var þegar börnum var refsað ef þeim mistókst, og í dag eru foreldrar með á æfingum, mæta á keppnir og taki þátt í öllu í kringum æfingarferlið.

Þegar samtali blaðamanns og Sirru fer að afvegaleiðast og blaðamaður farinn að tala meira sjálf en hlusta, kemur þessi gullsetning frá Sirru: „Já, ég mæli með því fyrir hvern einasta ungling sem ég hitti, að fara út, harka, búa í einhverju samfélagi og láta sig hafa það, læra tungumálið og virkilega láta reyna á sig. Það styrkir og eykur sjálfstraust. Lífið endar hjá manni sjálfum, strax og barnsskónum er slitíð þarf maður að standa á eigin fótum og að þurfa að gera það sem ung manneskja er eitthvað sem maður tekur með sér áfram út í lífið.“



# GULLRILLUR GEFA TANGA GÖNGUSKÍÐI

Ísafjörður er skíðabær og öll börn í skíðabæ þurfa að læra á skíði, það finnst Gullrillunum allavega.

Síðustu páska útbjuggu þær 300 skammta af sushi og seldu gestum og gangandi. Fyrir ágóðan keyptu þær skíði, Gullrilluskiði, og skó með aðstoð frá Crafsport og gáfu 5 ára deildinni á Tanga.

Nú fara öll 5 ára börn á Ísafirði á gönguskiði í útiveru og hafa gaman af.

A WISE WOMAN ONCE SAID  
**FUCK  
THIS SHIT**  
AND LIVED HAPPILY EVER AFTER

■ Jóna Lind Kristjánsdóttir deildarstjóri á Tanga sér um útikennsluna



■ Með hjálp bæjarbúa söfnuðu Gullrillurnar nægum peningum til að kaupa skíði og skó fyrir 5 ára deildina á Tanga





# DAGSKRÁ

## SKÍÐAVIKUNNAR 2018

### ÞRIÐJUDAGUR 27. MARS

#### 21:00 Kyndlaganga á Seljalandsdal

Mæting við gönguskíðaskálann á Seljalandsdal með höfuðljós og gengið saman á gönguskíðum upp á Eiríksmýri þar sem við yljum okkur á heitu kakói og segjum sögur.

### MIÐVIKUDAGUR 28. MARS

#### Barnið og umhverfið – umhverfið og barnið

Í leikskólanum Sólborg eins og öðrum leikskólum Ísafjarðarbæjar er unnið mikið og metnaðarfullt starf. Um páskana bjóðum við upp á myndlistarsýningu í gluggum og á veggjum fyrirtækja og stofnanna víðsvegar um bæinn. Með sýningunni viljum við gefa bæjarbúum og gestum Skíðavíkkunnar hlutdeild í vinnu barnanna og menningu. Við erum stolt og ánægð með þá menningu sem er í leikskólanum okkar. Við vonum að þið njótið vel. Gleðilega páska.

#### 17:00 Skeggjarnir ljósmyndasýning

Ljósmyndasýning á myndum Ágústar Atlasonar í Safnahúsinu.

#### 18:00 Setning skíðavíkkunnar á Silfurtorgi

Skíðafélagið mun selja heitt kakó, pönnukökur og fiskisúpu.

#### 18:20 Sprettganga CraftSport

Fer fram í Hafnarstræti, skráningar fara fram í CraftSport.

#### 19:00 Snjóbrettasýning í Bæjarbrekkunni

Þar sem dj Geiri mun blasta tónlist .

#### 23:00 DJ Óli Dóri í Krúsinni

### FIMMTUDAGUR 29. MARS

#### 10:00 Þrekmót Studio Dan

Mótið verður haldið í íþróttahúsinu við Austurveg og byrjar klukkan 10, skráning verður á netfanginu karen@thrudheimr.com og lýkur 2 dögum fyrir mót.

Allar nánari upplýsingar verða á FB síðu Studio Dan. Það verða fjögur 4 mín box karla, kvenna og liðakeppni í tveimur styrkleikaflokkum.

Vegleg verðlaun í boði.

#### 10:00 Samflot í Sundlaug Bolungarvíkur

Samflot er vettvangur fyrir fólk að koma saman og upplifa nærandi slökunarstund í þyngdarleysi umvafið vatni. Greitt er fyrir aðgang í sund, samflot verður kl. 10:00-11:00.

#### 10:30 Fjallaskíðaganga úr Botnsdal yfir í Tungudal

Hægt að fá tímatöku ef óskað er eftir, verðlaunin verða útdráttarverðlaun ekki eftir sætum. Mæting við skíðaskálann í Tungudal. Stutt rútuferð yfir í Súgandafjörð og gengið yfir og endað aftur við skíðaskálann. Ein drykkjarstöð þar sem líka er hægt að borða nesti. Þátttökugjald 2000 kr. Mæting við skíðaskálann kl 10:30 og Skráning á e-lineiriks@gmail.com eða á staðnum.

#### 10:30 Páskaeggjamót kkd. Vestra og Nóa Sírius.

Íþróttahúsið Torfnesi. Yngri iðkendur byrja kl 10:30 og fullorðnir kl 12:00. Café Karfa býður uppá rjúkandi belgískar vöfflur meðan á móti stendur.

#### 12:00 Skíðaskotfimi á Seljalandsdal.

Keppnin er fyrir 15 ára og eldri. 15-18 ára þurfa skriflegt leyfi forráðamanns.

#### 13:00 Leikdeild Höfrungs á Þingeyri sýnir Ronju ræningjadóttur í Félagsheimilinu á Þingeyri

Miðasölusími HÖFRUNGS er 863-1015. Miðaverð kr. 3000.-

#### 13:00 Talandi arnpáfi og páskaleikur á Náttúrugripasafninu í Bolungarvík.

Talandi arnpáfi tekur á móti krökkunum og þrautaleikur fyrir börn frá 0 til 14 ára. Verðlaun fyrir þá sem klára. Leikurinn er í gangi meðan opið er frá kl 13:00-17:00.

#### 14:00 Opnun ljósmyndasýningar Þjóðmyndir í Skóbúðinni Hversdagssafni

Hvað gerist þegar venjulegt fólk tekur upp myndavél til að fanga þekkt landslag og andlit á tilteknu augnabliki? Hvernig er heiminum í kringum okkur umbreytt með augnaráði og skapandi sýn nágranna okkar, samstarfsmanna okkar, og féлага okkar í samfélaginu? Hvaða dyr eru opnar fyrir þá sem taka sér augnablik til að búa til mynd, og í hvers konar heim getur ein mynd gefið okkur innsýn?

#### 16:00 Leikdeild Höfrungs á Þingeyri sýnir Ronju ræningjadóttur í Félagsheimilinu á Þingeyri

Miðasölusími HÖFRUNGS er 863-1015. Miðaverð kr. 3000.-

#### 18:00 Helgistund í Flateyrarkirkju

Altarisganga og söngatriði

#### 19:00 Kótelettukvöld í Einarshúsi í Bolungarvík

Borðapantanir í síma 456 7901. Skemmtiatriði og nóg af lettum.

#### 20:00 Gísli á Uppsölum, Félagsheimilinu Þingeyri

Miðaverð: 4.000.- kr, Miðasala: www.tix.is og í síma 891 7025. Kómedíuleikhúsið sýnir hið áhrifamikla leikrit um einbúann Gísli á Uppsölum. Leiksýningin hefur notið mikilla vinsælda og verið sýnd um 80 sinnum um land allt og í Þjóðleikhúsinu. Leikari er Elfar Logi Hannesson en leikstjóri Þróstur Leó Gunnarsson.

#### 21:00-00:00 Rythmatik og Between mountains í Krúsinni

#### 21:00 Valdimar og Örn Eldjárn verða á Við Pollinn Hótel Ísafirði.

### FÖSTUDAGUR 30. MARS

#### 10:00 Helgiganga frá Flateyri í Holt

Lagt er af stað kl. 10 frá Flateyrarkirkju og gengið í Holt. Boðið verður uppá súpu og brauð í Friðarsetrinu að leiðarlokum. Fólk verður aðstoðað við að komast aftur í bíla sína. Ókeypis og allir velkomnir.





KIPPTU MÉR ÚT!

# ALDREI FÓR ÉG SUÐUR 2018

KOLRASSA KRÓKRÍÐANDI ★ DIMMA  
200.000 NAGLBÍTAR ★ AUÐUR ★ HATARI  
BETWEEN MOUNTAINS ★ Á MÓTI SÓL  
UNE MISÉRE ★ KULDABOLI ★ FRÍÐRIK DÓR  
SIGURVEGARAR MÚSIKTILRAUNA  
BIRNIR & JOEY CHRIST  
CYBER ★ MANTRA

DJ MUGISON (SÚÐ) ★ DJ GLÓ (IFJ) ★ DJ BALDUR BASSI (HND)  
DJ SARA JÓNSDÓTTIR (FLAT) ★ DJ RÚNAR RAFNS (IFJ)  
DJ JÓN PÁLL BÆJARSTJÓRI (BOL) ★ DJ ARNA LÁRA (IFJ)  
DJ MUGGI HAFNARSTJÓRI (IFJ) ★ DJ GULLI JÓNASAR (IFJ)  
DJ INGUNN RÓS (IFJ) ★ DJ JÓSEF ÆGIR (SUÐ)  
DJ LINDA PÉ (IFJ)

ÍSAFJÖRÐUR 29.03 - 31.03  
aldrei.is







- |                                |                                             |
|--------------------------------|---------------------------------------------|
| 1. Aldrei fór ég suður         | 8. Apótek / Pharmacy                        |
| 2. Sjúkrahús / Hospital        | 9. Ísafjarðarkirkja / Church                |
| 3. Veitingastaður / Restaurant | 10. Alþýðuhúsið / Cinema                    |
| 4. Hraðbanki / ATM             | 11. Gamla sjúkrahúsið / Culture House       |
| 5. Lögreglan / Police          | 12. Upplýsingamiðstöð / Tourist Info Office |
| 6. Strætó / Bus                | 13. Vínbúðin / Liquor Store                 |
| 7. Sundlaug / Swimming pool    |                                             |



# MJÖG GOTT AÐ VITA

## GOOD TO KNOW

Sími/Tel: **112** - Neyðaraðstoð / Emergency

Sími/Tel: **1777** - Vegagerðin, færð á vegum / Road conditions





Teikning: Ómar Smári  
Höfundarréttur: Eyþór Jónsson

**UPPLÝSINGAR UM PÁSKAOPNUN ÝMISSA  
ÞJÓNUSTUAÐILA Á SVÆÐINU MÁ FINNA Á [ALDREI.IS](http://ALDREI.IS)**

**FOR OPENING HOURS IN SHOPS AND OTHER  
SERVICES DURING EASTER WEEKEND SEE [ALDREI.IS](http://ALDREI.IS)**





# DAGSKRÁIN EINS HÚN LEGGUR SIG

## ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

Föstudagur kl. 19:30-24:00

Aldrei fór ég suður hátíðin í skemmu Kampa við Neðstakaupstað

Laugardagur kl. 14:00-16:00

AFÉS Off-venue 66°Norður, Bryggjukoti við höfnina á Suðureyri

Laugardagur kl. 19:30-24:00

Aldrei fór ég suður hátíðin í skemmu Kampa við Neðstakaupstað

AFÉS sskemman verður opnuð kl. 18:30. Þá geta gestir hitað sig upp fyrir veisluna með hinum viðfrægu veitingum og mikilvægum varningi ársins. Ekki gleyma að smakka Aldrei-glöggjö. Þekktir bæjarplötusnúðar skemmta fólki fyrir tónleika og á milli atriða. Mætið tímanlega!

## ...EINS OG HÚN LEGGUR SIG TIL:

### HÓTEL ÍSAFJÖRÐUR // VIÐ POLLINN:

Opið alla daga frá kl. 11:30 - 23:00, grillið lokar 21:00. Rokkseðill á kvöldin

Fimmtudagur 19:30

Valdimar og Páskaseðill - **Uppselt**

### EDINBORGARHÚSIÐ:

Föstudagur kl. 23:30 **PALLABALL**

Páll Óskar

Laugardagur kl. 23:00 **Made in Sveitin**

Hreimur og félagar

Sunnudagur kl. 23:59 **Doddi Mix**

### KRÚSIN:

Miðvikudagur kl. 23:00 **DJ Óli Dóri**

Fimmtudagur kl. 21:00 **Rythmatik & Between Mountains**

Föstudagur kl. 23:59 **Emmsjé Gauti**

Laugardagur kl. 23:00 **Babies**

Sunnudagur kl. 23:59 **Skítamóráll**

### HÚSIÐ:

Miðvikudagur kl. 22:00 **Páskabingó**

Fimmtudagur kl. 21:00 **Rúnar Eff**

Föstudagur kl. 23:59 **Dj Óli Dóri**

Laugardagur kl. 23:59 **Dj Davíð Roach**

Sunnudagur kl. 15:00 **Dj Atli Kanill**

### GATA:

Fimmtudagur, opið 11-22 **Heimilisleg stemning og tilboð á barnum kl. 18:00**

### TJÖRUHÚSIÐ:

Miðvikudagur kl. 22:00 **Spennandi plötukynning!**

Fimmtudagur kl. 21:30 **Ljóðakvöld Starafugls - ýkt ljóðastuð!**

Laugardagur kl. 15:00 **Opin umræða um laxeldi í Ísafjarðardjúpi**

Laugardagur kl. 15:00 **Dj sett frá ákaflega mikilvægu músikfólki!**

### BRYGGJUKOT SUÐUREYRI:

Laugardagur kl. 14:00-16:00 **AFÉS Off-venue tónleikar 66°Norður**

SAGA MATTHILDUR, RYTMATIK, GDRN OG FRÍÐRIK DÓR

### VAGNINN FLATEYRI:

Miðvikudagur kl. 22:00 **F1 Rauður**

Fimmtudagur kl. 20:00 **Pöbkkviss með Helenu Jóns frá Lýðháskóla Önundarfjarðar**

Föstudagur kl. 23:00 **Dj Andrea Jónsdóttir, hin ástsæla amma rokk**

Laugardagur kl. 23:59 **200.000 naglbítar**

Sunnudagur kl. 23:00 **Dj Andrea Jónsdóttir, hin ástsæla amma rokk**

### FÉLAGSHEIMILIÐ Á PINGEYRI:

Fimmtudagur kl. 13:00 & 16:00 **Leikdeild Höfrungs sýnir Ronja Ræningjadóttir**

Fimmtudagur **Kómedíuleikhúsið sýnir Gísla á Uppsölum**

Föstudagur kl. 13:00 & 16:00 **Leikdeild Höfrungs sýnir Ronja Ræningjadóttir**

**aldrei.is** þú finnur okkur á netinu...



### **11:00-17:00 Furðufatadagur í Tungudal**

Löng hefð er fyrir því að fjölskyldan skemmti sér saman í Tungudal á föstudaginn langa. Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Kveikt verður í grillinu um hádegi, börnin geta látið mála sig og sælgæti mun rigna af himnum ofan. Íþróttálfurinn mætir á svæðið.

### **11:00-13:00 Samhliðasvig**

**Skoraðu á félagann, maka, mömmu eða tengdapabba í samhliðasvigi í Tungudal.**

Skíðafélag Ísfirðinga býður gestum að skella sér í samhliðasvig í skemmtilegri braut. Skoraðu á þann sem þú villt keppa við.

Hóflengt gjald verður rúkað í brautina sem rennur í ferðasjóð á Andrésar Andarleikana.

### **11:00 Píslarsaga Jesú Krists í Hólskirkju**

Lesarar lesa fyrir píslarsögu Jesú Krists í Hólskirkju í Bolungarvík.

### **11.00 Gísla söguganga og víkinga kjötsúpa**

Haukadal Dýrafirði, föstudaginn langa kl. 11.00  
Verð: 4.500.- kr. Frítt fyrir grunnskólanema.  
Bókanir: Vesturferðir & billa@snerpa.is  
Lengd ferðar: 90 mín.

Söguleg gönguferð á slóðir Gísla sögu Súrssonar í Haukadal. Allir göngugarpar fá víkingaskikkju til að klæðast meðan á ferðinni stendur og geta þannig sett sig enn betur í spor sögunnar. Að göngu lokinni verður boðið uppá víkingakjötsúpu Gíslastaða og víkingabrauð. Verslunin verður opin en þar er í boði fjölbreytt víkingahandverk, bækur og fleira tengt víkingatímanum og Gísla sögu.

### **13:00 Leikdeild Höfrungs á Þingeyri sýnir Ronju ræningjadóttur í Félagsheimilinu á Þingeyri**

Miðasölusími HÖFRUNGS er 863-1015.  
Miðaverð kr. 3000.-

### **16:00 Leikdeild Höfrungs á Þingeyri sýnir Ronju ræningjadóttur í Félagsheimilinu á Þingeyri**

Miðasölusími HÖFRUNGS er 863-1015.  
Miðaverð kr. 3000.-

### **20:00-00:00 Aldrei fór ég suður - rokkhátíð alþýðunnar**

### **21:00 Páskabingó í Simbahöllinni á Þingeyri**

### **23:30-04:00 Páll Óskar, hið árlega Pallaball á Edinborg í tilefni af Aldrei 2018**

Miðaverð kr 3000. Aldurstakmark 18 ár. Forsala á Edinborg Bistro vikuna fyrir páska.

### **00:00-04:00 Emmsjé Gauti í Krúsinni**

## **LAUGARDAGUR 31. MARS**

### **10:00-12:00 Páskaeggjamót HG í Tungudal**

Þrautabraut og samhliðasvig. Brautirnar eru opnar milli kl 10 og 12 og þegar börn klára ferð í brautinni fá þau páskaegg. Fyrir börn fædd 2006 og síðar.

### **10:00-15:00 Íþrótt- og leikjadagur Höfrungs í Íþróttamiðstöð Þingeyrar**

Í boði verður þrautaplan og páskaeggjaleit fyrir börnin, frá kl: 10.00-12.30. Dodgeball, frá kl: 12.30-14.00. Badminton fyrir alla, frá kl: 14.00-15.00. Boccia fyrir alla, frá kl: 15.00-16.00.

### **11:00 Furðufatadagur á Seljalandsdal**

Löng hefð er fyrir því að fjölskyldan skemmti sér saman á Seljalandsdal. Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Páskaeggjamót fyrir börn fædd 2006 og síðar. Kveikt verður í grillinu á hádegi og grillaðar verðar pylsur og þær eru seldar til styrktar skíðafélaginu.

### **13:00 Talandi arnpáfi og páskaleikur á Náttúrugripasafninu í Bolungarvík**

### **14:00 Páskabingó - Félagsheimilinu í Hnífsdal**

3. bekkjar nemendur MÍ eru að safna fyrir útskriftarferð sinni til Krítar og ætla að halda páskabingó í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Veglegir vinningar í boði!

### **14:00 Páskabingó kvenfélagsins Brynju á Flateyri**

### **20:00-00:00 Aldrei fór ég suður - rokkhátíð alþýðunnar.**

### **23:00-03:00 Edinborg - Made in Sveitin**

Stuðhljómsveitin MADE IN SVEITIN.  
Miðaverð kr 3000, aldurstakmark 18 ár.

### **23:00-00:00 Babies í Krúsinni**

## **SUNNUDAGUR 1. APRÍL**

### **09:00 Hátíðarmessa í Hólskirkju**

Hátíðarmessa fer fram í Hólskirkju til að minnst upprisu frelsarans.

### **10:00 Samflot í Sundlaug Bolungarvíkur**

Samflot er vettvangur fyrir fólk að koma saman og upplifa nærandi slökunarstund í þyngdarleysi umvafið vatni. Greitt er fyrir aðgang í sund, samflot verður kl. 10:00-11:00.

### **11:00 Páskamessa í Suðureyrarkirkju**

Kirkjukór Suðureyrar syngur undir stjórn Kristínar Hörpu Jónsdóttur.

### **14:00 Páskamessa í Holtskirkju**

Kirkjukór Öndarfjarðar syngur undir stjórn Dagnýjar Arnalds organista.

### **14:00 Samskiðun á Seljalandsdal**

Hluti úr Fossavatnsleiðinni verður genginn.

### **23:59-04:00 Edinborg - DJ Doddi Mix**

Stuðboltinn DJ Doddi Mix heldur uppi stuðinu á Edinborg. FRÍTT INN, aldurstakmark 18 ár

### **00:00-04:00 Skítamóráll spilar í Krúsinni.**

Forsala aðgöngumiða fer fram á Tix.is

**Einnig er hægt að sjá dagskrá skíðavikunnar á [paskar.is](http://paskar.is)**





# Guðmundur Ágústsson

24. september 1942 - 10. maí 2017

*Það eru gömul sannindi og ný að ekkert íþróttastarf fær þrífist nema að til staðar sé hópur öflugs fólks sem er tilbúð að gefa drjúgan skerf af tíma sínum, þekkingu og starfsorku í þágu málefnisins. Skíðaiþróttin hér á Ísafirði hefur alla tíð búið við mikinn auð hvað þetta varðar, eins og glögg má sjá á blómlegu starfi Skíðafélags Ísfirðinga og á þeirri aðstöðu sem skíðafólk fær að njóta í Tungudal og á Seljalandsdal.*

*Rétt eftir að síðasta skíðatímabili lauk, í maí 2017, kvöddum við einn öflugasta liðsmann skíðaiþróttarinnar undanfarna áratugi, Guðmund Ágústsson.*

Guðmundur fæddist á Ísafirði 24. september 1942. Líkt og svo margir aðrir Ísfirðingar fékk hann snemma áhuga á skíðaiþróttinni og keppti talsvert sem ungur maður. Það má samt segja að stærstu afrek sín hafi hann unnið eftir að keppnisferlinum lauk, þegar við tók áratuga starf við að hlúa að íþróttinni og byggja hana upp. Hann gerðist fljótlega mjög virkur í starfi skíðahreyfingarinnar í bænum og átti þátt í öllum stærstu framfarumálum hennar á sínum tíma. Uppbygging skíðamannvirkja á Seljalandsdal var íþróttinni gríðarlega mikilvæg og vitaskuld var nauðsynlegt að geta leitað til fólks sem kunni vel til verka. Guðmundur, sem var húsasmíðameistari, tók virkan þátt í uppbyggingunni allt frá því að Gullhólslyftan (gamla „neðri lyftan“) var byggð árið 1968. Ári síðar reistu Guðmundur og félagar hans fyrsta lyftuskúrinn fyrir Gullhólslyftuna. Grindin í hann hafði verið sótt norður á Hesteyri þá um sumarið á báti með Ólafi Guðmundssyni, Óla í Árbæ. Þessi grind átti eftir að ferðast víðar því seinna meir var skúrinn fluttur upp á Skarðsengi þar sem hann þjónaði sem skjól og athvarf fyrir skíðagöngufólk. Enn síðar lá svo leiðin niður á Harðarskálaflöt þar sem þessi víðförli skúr eyðilagðist að lokum í snjóflóðinu mikla árið 1994. Þegar ráðist var í að reisa hina frægu „efri lyftu“ á Seljalandsdal árið 1971



Lyftuskúrinn við Gullhólslyftuna, Guðmundur fyrir miðju ásamt Jóni Ólafi Sigurðssyni (Nonna Búbba) og Gunnlaugi Jónassyni til hægri.

var Guðmundur vakinn og sofinn yfir því verkefni og dvaldi löngum stundum við störf á Dalnum það sumar og haust. Þessi lyfta varð býsna nafntoguð enda dró hún fólk upp í einhverja þekktustu – og bröttustu – skíðabrekku landsins.

Eftir að snjóflóð höfðu eyðilagt skíðamannvirkin á Seljalandsdal árið 1994 tók Guðmundur virkan þátt í uppbyggingu á nýrri aðstöðu fyrir skíðagöngufólk á Harðarskálaflötinni. Þar fór hann ásamt Presti Jóhannessyni, Óskari Kárasyni, Kristbirmi Sigurjónssyni og fleirum fyrir vöskum hópi manna sem réðist í það verk árið 2001 að taka skíðaskálann, sem þá hafði staðið um



Efri lyftan í byggingu. Guðmundur varði drjúgum tíma til þessa verks sumarið og haustið 1971.





Guðmundur í viðbyggingunni við skálann á Seljalandsdal, þar sem nú er áburðaraðstaða og troðarageymsla.

hríð í Tungudal, og flytja hann upp á Seljalandsdal. Næstu árin var svo unnið að lagfæringum og viðbyggingum við skálann. Tímatökurn var byggður ofan á hann auk þess sem bætt var við skemmu sem þjónar bæði sem áburðaraðstaða og troðarageymsla. Jafnframt var svæðið lagað til og aðstæður bættar svo mjög að þær finnast nú óviða betri. Í hvert einasta sinn sem boðað var til vinnudags í tengslum við allar þessar framkvæmdir mátti reiða sig á að Guðmundur myndi mæta, fyrstur manna. Þær skipta hundruðum, þó líklega frekar þúsundum, klukku-

stundirnar sem hann varði í sjálfboðavinnu við að byggja hin ýmsu skíðamannvirki á Seljalandsdal.

Þótt smíðakunnátta Guðmundar hafi verið íþróttinni dýrmæt þá lét hann ekki þar við sitja. Hann tók þátt í ýmsum stjórnunarstörfum í þágu íþróttahreyfingarinnar og sat t.d. um nokkurra ára skeið í stjórnun Íþróttabandalags Ísfirðinga og Skíðaráðs Ísfirðinga. Á sínum tíma var honum, ásamt Presti Jóhannessyni, falið að rita keppnisreglur fyrir skíðagöngu á Íslandi og fórst þeim það svo vel úr hendi að reglurnar voru notaðar nær óbreyttar í næstum þrjú áratugi eða allt þar til alþjóðlegar reglur tóku við fyrir fáum árum síðan. Guðmundur starfaði líka að mótahaldi áratugum saman, einkum í skíðagöngu. Gilti þá einu hvort um var að ræða innanfélagsmót, bikarmót eða Skíðamót Íslands, alltaf mátti reiða sig á að hann yrði til staðar.

Fossavatnsgangan var Guðmundi mjög hugleikin enda stjórnaði hann henni um langt árabíll, lengst af í samvinnu við Pröst Jóhannesson. Í viðtali við Skíðablaðið árið 2014 sagði Pröstur m.a.: „Í Fossavatnsgöngunni skiptist þetta eiginlega þannig að ég sá um brautina og Guðmundur um allt hitt. Konurnar



Guðmundur Ágústsson (ræsir) og Óskar Káráson (markstjóri) búa sig undir að senda Ólaf Th. Árnason af stað í keppni á Seljalandsdal.

okkar, Selma og Bergþóra stjórnðu svo bakstrinum fyrir kaffið á eftir...”

Í ljósi þeirrar alþjóðlegrar velgengni sem Fossavatnsgangan hefur notið undanfarin ár verður ekki hjá því komist að hugsa til Guðmundar og velta því jafnvel fyrir sér hvort gangan væri yfirleitt til í dag ef hans hefði ekki notið við. Það er a.m.k. ljóst að árum saman dró Guðmundur vagninn og sá til þess að Fossavatnsgangan héldi lífi.

Ljósmyndun var alla tíð mikið áhugamál Guðmundar og liggur eftir hann gríðarlegt safn ljósmynda og kvikmynda. Þar má finna myndefni sem tengist uppbyggingu skíðamannvirkja í gegnum tíðina og svo ógrynni mynda af ýmsum íþróttaviðburðum, ekki síst skíðamótum, sem spanna marga áratugi.

Guðmundur hlaut verðskuldaðar viðurkenningar fyrir störf sín að íþróttamálum. Hann fékk gullmerki HSV árið 2002 og silfurmerki SKÍ árið 2012. En það kom líka fyrir að hann afþakkaði slík heiðursmerki enda voru vegtyllur ekki hans hvatning, heldur fólkskvalaus ánægja og áhugi. Engum, sem stundað hefur Seljalandsdalinn undanfarin ár, hefur dulist þessi ánægja og áhugi Guðmundar. Hann var nær daglegur gestur á Dalnum alla vetur, oftast en ekki í fylgd með barnabörnunum og ávallt með myndavélina innan seilingar.

Skíðafélag Ísfirðinga þakkar fyrir samfylgdina með Guðmundi Ágústssyni í gegnum áratugin og fyrir ómetanlegt framlag hans til skíðaiþróttarinnar.



Guðmundur og Anna, barnabarn hans, saman á Andrésar andar leikunum.



# NOREGSFERÐ GÖNGUSKÍÐAKRAKKA

ÆFINGAFERÐ TIL LILLEHAMMER 6.-16. JANÚAR

Við gönguskíðakrakkarnir í SFÍ 12+ fórum til Noregs í byrjun árs og vorum þar frá 6.-16. janúar. Með okkur voru krakkar frá öllu landinu þ.e.a.s fimm frá Akureyri, (Ólafur, Ævar, Einar, Jóhanna og Birta), tvö frá Ólafsfirði (Helga og Helgi), ein frá Ulli í Reykjavík (Guðný Katrín) og svo nokkrir liðsfélagar SFÍ sem æfa og stunda nám í Noregi og Svíþjóð (Albert, Sólveig, Anna María og Gígja).

Ásamt okkur voru Gunnar Bjarni og Nína Jensen (frá Akureyri, „mamman“ í hópnum) sem fararstjórar, auk þeirra var Páll Janus kokkur, sem bar fram æðislegan mat! Steven Gromatka og Vadim Gusev frá Akureyri sem þjálfarar.



■ Það fór býsna vel um okkur í húsinu



■ Hluti af áburðaraðstöðunni

Við ferðumst saman í rútu til Natrudstilen frá flugvellinum í Olsó sem tók tvo tíma. Við gistum síðan í hrikalega flottu húsi, með átta svefnherbergjum, sex baðherbergjum, tveim stórum stofum, fjarstýrðum arni, stóru eldhúsi, saunaklefa, áburðaraðstöðu,




■ Það var mikið borðað og horft á gönguskíði

þurrkherbergi, skjávarpa og rísa stóru skíðasvæði rétt fyrir neðan húsið (bæði göngu og svig). Í Natrudstilen er svokallaður ljósahtingur sem er sirka 5 -10km en þar er líka hægt að skíða á milli staða t.d til Lillehammer og upp að Birkebeinerbraut og troðnar brautir eru næstum 600 km.

Við vöknudum alla morgna klukkan átta og fórum í morgunmat, þar voru allskonar kræsingar í boði til þess að safna upp orku fyrir daginn. Ástmar Helgi var tilbúinn á klukkunni alla morgna og með refsingu ef einhver mætti mínútu of seint eða seinna.

Morgunæfingarnar byrjuðu kl. 9:30 og kvöldæfingarnar um 4 leytið, æfingarnar stóðu yfir í



einn og hálfan til þrjá klukkutíma. Morgunæfingarnar voru oftast langþjálfanir og kvöldæfingar, tækniæfingar eða Interval. Á milli æfinga var oftast horft á skíðakeppnir í sjónvarpinu, borðað og slakað á eða sofið.

Ásamt Ástmari var Vadim ákveðinn í refsingunum, ef púlsinn þinn fór yfir ákveðna tölu á æfingum þurftir þú að gera ákveðnar refsingar. Eins og búast mátti við var oftast frekar kalt á æfingum, einn daginn þegar við skíðuðum 25 km þá fór kuldirinn alveg niður í -20 gráður

Það var svo líka auðvitað farið að versla. Við fórum í Sport 1 og þar var allur helsti skíðabúnaðurinn keyptur. Svo var





■ Vadim sá um styrkæfingar eftir hverja útiæfingu.

líka farið í H&M en ekki keypt jafn mikið þar og í Sport 1

Einn daginn var 30-50 km áskorun, elstu krakkarnir skíðuðu um 50 km og þeir yngri 30km. Á miðri leið var stoppað í Nordsetter þar sem við fengum okkur kakó og bollur eða kanelnúða. Birta frá Akureyri ákvað að toppa daginn með því að brjóta bindingarnar á skíðinu sínu, svo að hennar hópur þurfti að stoppa við í Sjusjøen og kaupa nýjar bindingar. Með þessu stoppi drógust þau aðeins aftur úr hópnum og skíðuðu sjálf til baka. Á leiðinni ákváðu Hrefna Dís og Guðný Katrín að skíða aðeins lengra en þá villtust þær og skiluðu sér ekki heim fyrr en sirka hálf tíma á eftir hinum.

Þann 13. janúar átti Linda Rós afmæli og í tilefni þess ákváðum við að koma henni á óvart og halda fyrir hana afmælisveislu, við bökuðum köku, þrifum og gerðum fínt og skreyttum síðan stofuna með blöðrum og fleiri skreytingum.

Síðasta kvöldið var haldin hæfileikakeppni þar sem allir áttu að vera með atriði, annað hvort í hópnum eða sem einstaklingar. Það voru allskonar atriði, eins og dansatriði, spilagaldur, tilraun, áskoranir og leikir. Fullorðna fólkíð tók auðvitað líka þátt og sýndu þau vel æft dansatriði við lagið Wannabe með Spice Girls. Eftir það var boðið upp á vöfflur og ávexti og svo fóru allir upp að pakka.



■ Hluti af hópnum í 30 km áskoruninni.



■ Í Birkebenesporinu. Hrefna Dís, Guðný Katrín, Svava Rún, Ástmar Helgi, Óli, Una Salvör og Ævar.



■ Anna María og Linda Rós að taka stöðuna, eflaust við það að villast.

Næsta dag var heimferð. Við vöknuðum um 05:00 leytið og þar sem það hafði snjóað mikið um nóttina þurftum við að labba með allar töskurnar okkar og skíðapokana okkar niður ómokaða svigskíðabrekku niður að "skálanum" og þar beið okkar rúta. Þetta tók auðvitað sinn tíma. Þegar við komum upp á flugvöll fóru allir beint í taxfree og að innrita sig. Þegar við komumst í frihöfnina eyddu allir restinni af peningunum sínum í ekta norkst nammi. Veðrið var ekki alveg að vinna með okkur og það voru miklar líkur á að við þyrftum að gista eina auka



■ Þurftum að grafa okkur í gegnum háa skafila á leiðinni í rútna síðasta daginn.

nótt í Noregi en sem betur fer var veðrið flott og flugið heim gott.

Þegar við komum svo til landsins þurftum við að segja bless við hina krakkana og keyra af stað heim. Þennan dag var allt ófært á Vestfjörðum þannig við þurftum að stoppa á Hólmavík og gista þar í eina nótt. Næsta dag var veðrið farið að skána og við gátum keyrt heim. Sem betur fer.



# Velkomin á Skíðavíku

## Opnun Lyfju um páskana:

Skírdagur, föstudagurinn langi,  
páskadagur og annar í páskum lokað  
Laugardagurinn 31. mars 10-14



ADALSTRÆTI 19, 415 BOLUNGARVÍK  
HAFNARSTRÆTI 9, 400 ÍSAFJÖRÐUR

Sími: 450 7900 Fax: 456 7447 jon@endvest.is  
Sími: 450 7910 Fax: 450 7919 guðmundur@endvest.is

# NÝBÖKUÐ BRAUÐ OG KÖKUR



## Opnunartími:

Virka daga	kl. 07 – 18
Skírdag	kl. 07 – 17
Föstudaginn langa	kl. 08 – 17
Laugardag	kl. 07 – 17
Páskadag	kl. 08 – 17
Annar í páskum	kl. 08 – 17

Velkomin á  
Skíðavíku

**Gamla bakaríið**



Adalstræti 24 • Sími 456 3226 GAMALT EN SÍUNGT



# ALLIR ÚT AÐ LEIKA

**BOREA**  
ADVENTURES

[www.borea.is](http://www.borea.is)  
info@borea.is | 456 3322



sími 895 7152



Mikið úrval af samlokum,  
brauðum, rúnstykki,  
tertum og sætabrauði.  
Einnig crepes og grillokur.  
Heitir drykkir kaffi, kakó.

Bakarinn Hafnarstræti 14

Opið alla virka daga 7-18.

29.03 skírdag 8-16.30

31.03 laugard 8-16.30

02.04 2. í páskum 8-16.30

Lokað föstudaginn langa og  
páskadag.

Gleðilega páska !

Bakarinn ehf Hafnarstræti 14 Ísafirði. Sí: 456 4771 Verið velkomin.





# Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017

Albert Jónsson, skíðagöngumaður úr Skíðafélagi Ísfirðinga, var útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017. Blaðamaður Skíðablaðsins settist niður með honum og forvitaðist um fortíð, nútíð og framtíð þessa afreksmanns.

## Hvenær byrjaðir þú að æfa skíði og hvers vegna?

Ég byrjaði að æfa skíði þegar ég var 6 ára. Það var aðalega vegna þess að mamma tók mig með sér á skíði, mér fannst það ekki rosalega spennandi til að byrja með, en það var ekki langt frá fyrsta skiptinu á skíðum þangað til að mig langaði að fá að vera með á skíðaæfingum með hinum krökkunum.

## Varst þú bara á gönguskíðum eða æfðir þú einhverjar aðrar íþróttir líka?

Ég var með í fótbolta þar til ég var 5 ára (svo það telst eiginlega ekki með). Ég var ekki mikið í öðrum íþróttum en prófaði einhverjar, t.d. handbolta og siglingar.

## Nú hefur þú verið búsettur í Noregi í vetur, hvar í Noregi ertu, ertu í skóla líka eða bara að æfa?

Ég bý í Lillehammer

þar sem vetrarólympíuleikarnir voru árið 1994. Ég er í fjarnámi frá Menntaskólanum á Ísafirði og ætla mér að klára stúdentspróf í vor. Svo æfi ég svona 3 til 5 klst á dag.

## Getur þú sagt okkur hvernig æfingunum þínum er háttað þar?

Til að ná árangri þarf að æfa mikið og vera í góðri rúttinu. Ég vakna oftast á milli 7 og 8, og er kominn út úr húsi og á æfingu á milli 9 og 10 á morgnana. Þá daga sem ég æfi aftur seinnipartinn þá reyni ég að taka að minnsta kosti einn klukkutíma á dag, þar sem ég slaka alveg á og jafnvel legg mig. Á seinni æfingunum reyni ég að vera byrjaður að æfa á milli 16 og 17. Ég æfi með strákum hérna í bænum, og við erum mest að gera svokallaðar interval æfingar. Svo finnst mér mjög gott að fara einn út á rólegar æfingar, þá get ég gengið á þeim hraða sem mér finnst passa miðað við fyrri æfingu dagsins.

## Hversu mikill tími fer í æfingar, hefur hann aukist eftir að þú fluttir út?

Ég hef aukið æfingarmagnið talsvert. Ég er reynar búinn að vera svolítið oft veikur í vetur og það hefur því miður haft smá áhrif á fjölda og lengd æfinga. En það fer alltaf dágóður tími í að æfa, allt frá 1-2 klukkustundir á dag og alveg uppí 5 klukkustundir, það fer eftir skipulagi hvers dags, hvort það séu keppnir framundan o.s.fr.

## Hefur þú keppt á mótum í Noregi í vetur?

Já, hef keppt á nokkrum mótum, einu snemma í veturinn í Gålå, þar var Norges Cup (norskt bikarmót). Svo hef ég keppt á fleiri minni mótum. Hef líka keppt í Svíþjóð og í Finnlandi. En eins og ég sagði fyrr þá hafa veikindi verið mikið að hrjá mig í vetur og hef ekki náð að keppa eins mikið og mig hefði langað til.



■ Í landsliðsverkefni.

## Er mikill munur á að æfa í Noregi eða á Ísafirði?

Já og nei, æfingarnar eru að mestu leyti þær sömu, það sem maður hefur fram yfir Ísafjörð hérna í Lillehammer er að það er eiginlega aldrei svo vont veður að maður komist ekki á skíði, maður getur bara farið inní skóg og verið þar í fínu veðri. En í staðinn getur dottið í svakalegar froststillur, alveg niður í -30°C.

## Breytir það einhverju fyrir þig að vera kjörinn íþróttamaður Ísafjarðarbæjar?

Að vera kjörinn íþróttamaður ársins kom mér mikið á óvart og ég tók smá tíma að kveikja þegar ég fékk símtalið! Að vera kjörinn Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar var mikil viðurkenning fyrir mig og mjög mikil hvatning til þess að gera enn betur en ég hef verið að gera.

## Hver eru markmið þín varðandi áframhaldandi skíðaiðkun?

Innra markmiðið mitt hefur alltaf verið að ná eins góðum árangri og ég mögulega get. Svo finnst mér vera gott að skipta í skammtíma og langtíma markmið. Næsta vetur stefni ég á að komast í 15km frjálsa göngu í heimsmeistarmótinu í Seefeld í Austurríki, á meðan stærsta (og mesta langtíma) markmiðið er að komast á Ólympíuleikana í Peking 2022!

## Einhver ráð til ungra skíðamanna sem vilja feta þessa braut sem þú hefur farið?

Hafa gaman af því sem þið gerið, setjið markmiðin hátt.



■ Albert að koma í mark í Fossavatnsgöngunni 2017






## SKÍÐASKÁLINN TUNGUDAL- GISTING

Skíðaskálinn í Tungudal er tilvalinn fyrir fjölskyldu-samkomur, ættarmót eða ferðahópa sem vilja eiga góðar stundir í rólegu og notalegu umhverfi.

- Gistirympi fyrir allt að 12 manns í uppábúnum rúmum (4 tveggja manna herb. og 1 fjögurra manna herb.)
- Allt að 20 dýnur fyrir svefnpokagistingu
- Salur skálans tekur allt að 100 manns í sæti
- Fullbúið eldhús

Nánari upplýsingar í síma 865 5713 eða á hafraholt32@simnet.is





# Sannleikann eða kontor?

## Gistinótt 10-11 ára gönguskíðakappa á Seljalandsdal

Gallinn við að vera skíða-þjálfari og búandi á Íslandi er að þú getur ekki gengið að veðrinu vísu. Því höfum við svo sannarlega fengið kynnst í vetur, eða eiginlega bara á þriðjudögum.

Sjötta þriðjudaginn í röð stefndi í að engin æfing yrði vegna veðurs og þá voru góð ráð dýr. Æfingaskuld þjálfarans var orðin veruleg og úr því þurfti að bæta og það helst strax. Leitað var í stóra gagnabankann, hvað fannst mér gaman að gera þegar ég var 11 ára; jú að leika í Playmo, **ætti ég að bjóða í Playmo party?** Nei það er hvorki hipp né kúl árið 2018. Gistipartý er alltaf hipp, kúl og geðveikt skemmtilegt, þannig að gistipartý skyldi það vera þá helgina. Boðað var til gistipartýs / æfingaferðar upp á Seljalandsdal, gist skyldi í skálanum, farið út að leika og æfing á laugardagsmorgun. Allir voru yfir sig spenntir og mættu galvaskir upp á dal.

Eftir útileiki og danssýningu var farið inn og gætt sér á



■ Nestispása í skálanum á Seljalandsdal. Hákon Ari, Pétur Örn, Frosti, Albert Marzellíus, Grétar Smári, Tómas Elí og Unnur Guðfinna

gómsætu gúmmelaði. Það voru tveir leikir sem ég óttaðist mest þessa kvöldstund; **1. Sannleikann eða kontor?** **2. Andaglas.** Sem betur fer varð andaglasíð ekki fyrir valinu og skellt var í einn hressandi "Sannleika,.. Þegar röðin kom að mér að svara þá birti skyndilega til á hinnum

og dansandi norðurljós björguðu mér frá því að þurfa að svara. Morguninn eftir var svo slegið í léttu æfingu og allir héldu heim á leið glaðir, kátir og með fullt af krassandi leyndóum í vasanum.

Takk fyrir mig,  
*Gunnar Bjarni Þjálfari*



■ Hress og kát eins og alltaf á æfingum




# Gleðilega Skíðaviku

Við höfum opið alla páskana  
Hlakka til að sjá ykkur!  
Hamraborg



*Bílasmiðja SGB ehf*



*Sindri Gunnar Bjarnarson*

*Málun Nýsmíði Réttingar  
Bílabjörgun Framrúðuskipti*


Seljalandsvegur 86 400 Ísafirði  
Sími 847-3413  
bilsmidja@gmail.com

## VIÐ FÆRUM ÞÉR ORKUNA



Orkubú Vestfjarða ohf.  
Stakkanes 1  
400 Ísafjörður

☎ 450 3211 ✉ orkubu@ov.is  
☎ 456 3204 🌐 www.ov.is



Lausnir fyrir matvælaíðnað  
um allan heim

 **SKAGINN 3X**

skaginn3x.is



# VEINBJÖRN ORRI & BIRNA JÓNASDÓTTIR TÓKU SAMAN VIÐTÖL VIÐ ÆFINGAKRAKKA




## VEIGAR INGI ARNARSON

Aldur? 10 ára  
Hversu lengi hefurðu æft skíði? 1 ár  
Hvernig skíði áttu? Með skinnum  
Æfirðu aðrar íþróttir? Körfubolta  
Uppáhalds matur? Pizza  
Uppáhalds íþróttamaður? Veit það ekki



## BENEDIKT EINAR EGILSSON

Aldur? 6 ára  
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? Klukkan fjögur  
Hvernig skíði áttu? Gönguskiði og svigskíði  
Æfirðu aðrar íþróttir? Ja, gönguskiði, sund, skólaíþróttir  
Uppáhalds matur? Pizza  
Uppáhalds íþróttamaður? Birna skíðabjálfarinn minn



## FROSTI GUNNARSSON

Aldur? 11 ára  
Hversu lengi hefurðu æft skíði? 6 ár  
Hvernig skíði áttu? Fischer  
Æfirðu aðrar íþróttir? Fótbolta og körfubolta  
Uppáhalds matur? Veit það ekki  
Uppáhalds íþróttamaður? Petter Northug



## AMELÍA JÓNSDÓTTIR

Aldur? 6 ára  
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? Í vetur  
Hvernig skíði áttu? Ég veit það, Head skíði!  
Æfirðu aðrar íþróttir? Boltaskóla, sund, grunnþjálfun  
Uppáhalds matur? Kakósúpa  
Uppáhalds íþróttamaður? Ég á enga ennþá



## HÁKON ARI HEIMISSON

Aldur? 11 ára  
Hversu lengi hefurðu æft skíði? 6 ár  
Hvernig skíði áttu? Fischer  
Æfirðu aðrar íþróttir? Blak  
Uppáhalds matur? Spaghetti Carbonara  
Uppáhalds íþróttamaður? Johannes H. Klæbo



## UNA MARGRÉT HALLDÓRSDÓTTIR

Aldur? 7 ára  
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? 6 ára  
Hvernig skíði áttu? Ég á Head skíði  
Æfirðu aðrar íþróttir? Fótbolta, körfubolta fimleika og skíði  
Uppáhalds matur? Núðlur  
Uppáhalds íþróttamaður? Auðvitað Birna frænka



## ÞÓREY ÞÓRSDÓTTIR

Aldur? 7 ára  
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Ég byrjaði í nóvember  
Hvernig skíði áttu? Gönguskiði  
Æfirðu aðrar íþróttir? Fótbolta  
Uppáhalds matur? Tortilla  
Uppáhalds íþróttamaður? Veit það ekki




## MATTHÍAS BREKI BIRGISSON

Aldur? 10 ára  
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? Í fyrra  
Hvernig skíði áttu? Head Monster  
Æfirðu aðrar íþróttir? Fimleika  
Uppáhalds matur? Pizza með skinku og sveppum  
Uppáhalds íþróttamaður? Messi



## EMILÍA SINDRADÓTTIR

Aldur? 6 ára  
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Þetta er fyrsta árið á æfingum  
Hvernig skíði áttu? Gönguskiði  
Æfirðu aðrar íþróttir? Grunnþjálfun og boltaskóli  
Uppáhalds matur? Hamborgari  
Uppáhalds íþróttamaður? Veit það ekki alveg




## GUÐRÍFUR ATLADÓTTIR

Aldur? 10 ára  
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? 6 ára  
Hvernig skíði áttu? Head  
Æfirðu aðrar íþróttir? Já fótbolta  
Uppáhalds matur? Lambalæri og tortilla  
Uppáhalds íþróttamaður? Gylfi Sigurðsson og M. Salah



## MARÍA HLYNSDÓTTIR

Aldur? 7 ára  
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Búin að æfa í tvö ár  
Hvernig skíði áttu? Madshus skauta- og skinnskiði  
Æfirðu aðrar íþróttir? Svigskíði  
Uppáhalds matur? Skyr  
Uppáhalds íþróttamaður? Veit það ekki




## BERGDÍS LILJA JÓHANNSDÓTTIR

Aldur? 11 ára að verða 12  
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? 5 ára  
Hvernig skíði áttu? Volkl  
Æfirðu aðrar íþróttir? Já körfubolta  
Uppáhalds matur? Pizza og pulsur  
Uppáhalds íþróttamaður? Nökkvi Harðason körfuboltamaður hjá Vestra



## EYÞÓR FREYR ÁRNASON

Aldur? 9 ára  
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Síðan ég var 5 ára  
Hvernig skíði áttu? Madshus skautaskíði, Fisher hefðbundin og Salomon skinnskiði  
Æfirðu aðrar íþróttir? Fótbolta og handbolta  
Uppáhalds matur? Kjótsúpa  
Uppáhalds íþróttamaður? Gylfi Þór Sigurðsson



## DAVÍÐ HJALTASON

Aldur? 15 ára  
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? Byrjaði að æfa svigskíði u.þ.b. 5 ára  
Hvernig skíði áttu? Atomic  
Æfirðu aðrar íþróttir? Æfi líka fótbolta  
Uppáhalds matur? Þurrar pylsur í brauði  
Uppáhalds íþróttamaður? Birna Sigurðar og Friðrik bróðir



# Safaríkir ávextir & ferskt grænmeti

*daglega*

nettó



**JAKOB  
VALGEIR EHF.**



## Opnunartilboð take away

### TILBOÐ 1

16" pizza með 2 áleggjum kr 1,990.  
12" pizza með 2 áleggjum kr 1,490.

### TILBOÐ 2

16" pizza með 2 áleggjum og  
12" hvítlauksbrauð kr 2,990.

12" pizza með 2 áleggjum og  
12" hvítlauksbrauð kr 1,490.

### TILBOÐ 3

Ein pizza af matseðli og einn skamur af  
ostabrauðstögum og þú færð aðra pizzu frítt með  
(borgar fyrir dýrari pizzuna)

Opið alla daga frá kl 11.30 til 22.00



### Miðvikudagur 28. mars

Grekktu betur pub quiz kl. 22.00  
Opið frá kl. 17.00-03.00

### Skírdagur 29. mars

DJ Ipat opið frá kl. 17.00-24.00

### Föstudagurinn langi 30. mars

Páll Óskar kl. 24.00 til 04.00  
Ókeypis barnaskemmtun kl 16.00  
Opið frá kl. 12.00-04.00

### Laugardagurinn 31. mars

Made in sveitin kl. 23.00-03.00  
Opið frá kl. 12.00-03.00

### Páskadagur 1. apríl

DJ Doddi Mix kl. 23.00-04.00  
Opið frá kl. 12.00-04.00



# Bankahólf 124

- GLITRANDI GERSEMAR EÐA GAMLIR PAPPÍRAR? -



Á dögunum spurðist það út að í útibúi Landsbankans á Ísafirði væri dularfullt bankahólf skráð á Skíðafélag Ísfirðinga. Samkvæmt gögnum bankans tók félagið þetta hólf á leigu árið 1964, en enginn hafði opnað það síðan 1987 og enginn fannst sem mundi almennilega hvaða verðmæti þar voru fólgin.


Ákveðið var að svipta hulunni af leyndarmálinu, en þá kom babb í bátinn. Það vissi ekki nokkur maður hvar lykarnir voru niður komnir. Eina lausnin í stöðunni var því að kalla út Óla Reyni Ingimarsson, þrautreyndan vélsmið og hagleiksmann, til að bora upp lásinn. Hann mætti embættisklæddur í rammgerða bankahvelfinguna, stillti sér upp fyrir framan bankahólf 124 og hófst handa við verkið. Fljótlega kom þó í ljós að bankahólf eru afskaplega tryggir geymslustaðir. Það gekk hreint út sagt bölvanlega að vinna á lásnum. Með þrautseigju, handlagni og hæfilegum aflsmunum tókst það samt að lokum og er óhætt að segja að viðstaddir fulltrúar Skíðafélags Ísfirðinga og ritstjórnar Skíðablaðsins hafi verið farnir að svitna af



■ Formaðurinn með heimsóknasögu bankahólfins

spenningi þegar járnkassinn var dreginn út úr hólfinu og lagður á borð í hvelfingunni.

Einhverjir óttuðust að fá ofbirtu í augun þegar lokinu yrði lyft af glitrandir gersemunum, aðrir voru farnir að skipuleggja hvernig hluta auðæfanna yrði varið í að reisa stólalyftur og fjallaskála. Eftir nokkurt hik og fáeina djúpa andardrætti var kassinn loks opnaður. Ekki er hægt að segja að það hafi birt tiltakanlega yfir hvelfingunni þegar lokið lyftist, því þvert á móti þá steig upp þétt rykský. Þegar það loks settist kom í ljós að í kassanum voru hvorki seðlabunkt, gullstangir né smaragðar, heldur annars konar fjársjóður:



■ Aðgöngumiðar að skemmtunum og dansleikjum Skíðavíku

Fundagerðarbækur nefndar um byggingu skíðalyftu á Seljalandsdal, gamlar fundargerðarbækur Skíðavíku-nefndar, gestabækur úr Skíðheimum og fleira í þeim dúr. Ljóst var að þessum gersemunum þyrfti að koma í öruggt skjól hið fyrsta og því var haldið rakleiðis í Safnahúsið á Eyrartúni þar sem Guðfinna Hreiðarsdóttir skjalavörður veitti góssinu viðtöku fyrir hönd skjalasafnsins á Ísafirði. Þar geta fræðimenn grúskað í bókunum um alla framtíð og vonandi fá lesendur Skíðablaðsins að njóta þess á næstu árum. Einnig er í bígerð að hafa bækurnar tímabundið til sýnis í sýningarkössum á göngum Safnahússins.





# AMERÍSKI DRAUMURINN

SKÚTUFERÐ SEM BREYTTI ÖLLUM PLÖNUM HELGU ÞÓRÐÍÐSAR



■ Stelpuhópurinn í ferðinni afdrifaríku

Í maí árið 2017 var mér og litlu systur minni boðið að fara í skútu- og skíðaferð yfir á Hornstrandir með Búbba (Sigurði Jónssyni), sem flest allir þekkja, á Arktiku skútunni hans. Hann var að fara í fyrstu ferðina sína með fullan bát af stelpum. Þessar stelpur sem fylltu bátinn voru bandarískar og á vegum heimsklassa skíðakonunnar Keely Kelleher en hún rekur skíðabúðir sem kallast “Keely’s Ski Camp for Girls”.

Við fórum saman í viku fjallaskíðaferð þar sem við sigldum inn í firði, skinnuðum upp og yfir í næsta fjörð og skíðuðum svo niður í skútuna aftur. Þessi ferð var einstaklega skemmtileg og lærdómsrík og við systur höfðum ótrúlega gaman af því að kynnast þessum stelpum.

Um það bil mánuði seinna fékk ég símtal frá Keely þar sem hún bauð mér að koma sem “coach intern” (aðstoðarþjálfari) í sumarskíðabúðirnar hennar á Mt Hood jöklinum í Oregon fylki í Bandaríkjunum. Ég þurfti ekki að hugsa mig tvisvar um og mánuði seinna eða í júlí var ég komin út og var þar í tvær vikur. Mest að æfa og aðstoða við þjálfun. Þetta var í rauninni í fyrsta sinn sem ég æfði eftir tvö tímabil í meiðslum þar sem ég sleit krossband á hægri hné 2016 og var frá það tímabil og árið 2017 líka.

Á meðan ég var úti barst í tal hvað framundan væri hjá mér. Ég átti eftir eina önn í menntaskólanum og kláraði hann um áramótin en hafði ekkert planað hvað tæki við eftir það. Keely stakk þá upp á því að ég kæmi til Jackson Hole í Wyoming fylki, þar sem hún býr, til þess að æfa skíði og keppa á hinum og þessum mótum. Það hljómaði virkilega spennandi og ég fór strax í það að tala við mömmu og pabba, senda tölvupóst á þjálfarana úti, klúbbinn sjálfan, finna

stað til þess að búa á og síðast en ekki síst safna pening. Þar sem þetta var aldeilis ekki gefins lagði ég mig alla fram í haust í að vinna og vinna og safna og safna og var komin í fjórar vinnur á tímabili ásamt því að vera að klára skólann og æfa á fullu.

Orðatiltækið “þú uppskerð eins og þú sáir” stendur fyrir sínu varðandi þetta en nú er ég stödd í Jackson Hole, búin að vera hér í rúmlega tvo mánuði og rétt rúmlega hálfur mánuður þangað til ég kem heim.

Þessi bær minnir mig svolítið á Ísafjörð. Hann er töluvert stærri reyndar en þetta er mikið skíðasamfélag og allir ótrúlega vinalegir. Hér eru tvö skíðasvæði, annað heitir Jackson Hole Mountain Resort og er það talið eitt besta skíðasvæði í Bandaríkjunum og ég get vel mælt með því! Svipað stórt og Ísafjörður í alvöru talað og hægt að finna brekkur sem henta öllum. Hitt skíðasvæðið, Snow King, er töluvert minna en ekkert síðra, brattar og góðar brekkur sem henta vel í æfingar en þar æfðum við alla daga.

Ég bjó fyrri helming tímans hjá fimm manna fjölskyldu (+3 hundar + naggrís) sem tók ótrúlega vel á móti mér. Þau hjálpuðu til við að koma mér fyrir bæði



■ Ég, Lindsay Mann (þjálfari í Keely’s Camp), Keely Kelleher og Hanna Þórey systir mín





■ Mt. Hood Oregon

heima og á skíðasvæðinu sem ég átti í raun líka heima á. Elsta stelpan í þeirri fjölskyldu kom til Íslands í skútu- og skíðaferðina svo ég þekkti hana fyrir sem var mjög þægilegt og okkur kom vel saman.

Seinni helminginn bjó ég hjá annarri fjölskyldu sem var einnig fimm manna. Elsta stelpan þar var með mér í skíðabúðunum í Oregon síðasta sumar svo það kom sér líka vel að þekkja hana og þau tóku líka mjög vel á móti mér. Ég



■ Að keppa í "Town-downhill"



■ Eftir "Town-downhill" þar sem ég endaði í 3 sæti



■ Lagði mína fyrstu braut

byrjaði að æfa fljótlega eftir að ég kom. Til að byrja með voru æfingar hjá mér alla daga nema mánudaga frá hálf tvö til hálf fimm eða fimm. Þegar leið á bættist við morgunæfing frá tíu til hálf eitt. Hún var hugsuð fyrir þá sem eru búnir með menntaskóla og eru til dæmis að reyna að komast í háskóla á skíðastyrk.

Við vorum þrjú sem æfðum þá frá 10-17 með hádegispásu og hvíld inná milli. Fyrst skíðuðum við í tvo til tvo og hálfan tíma, fórum svo í hádegismat og restin af hópnum kom svo út og þá skíðuðum við aðra tvo til tvo og hálfan tíma. Eftir það tók við þrek t.d. hjól, lyftingar, snerpuæfingar og fleira. Síðan var alltaf vídeófundur þar sem við fórum yfir æfingu dagsins.

Eftir rúmlega viku við æfingar fór ég á mitt fyrsta mót en það var FIS mót í Snow Basin, Utah. Ég var að sjálfsögðu mjög spennin en aftur á móti virkilega stressuð þar sem ég hafði ekki keppt í meira en tvö ár og aldrei á svona sterku FIS móti. Ég keppti á tveimur stórsvigmótum og í stuttu máli, nei það gekk ekki vel. Samt sem áður var ég mjög sátt með að hafa farið og séð hvernig þetta gengur fyrir sig. Eftir það tóku við fleiri æfingar fyrir næsta mót sem var í Grand Targhee, Alta, Wyoming, en þar var ég ekkert að hafa fyrir því heldur að klára báðar ferðir, hvorki í svigi né stórsvigi en samt sem áður reynslunni ríkari.

Á þriðjudögum og inná milli þegar ég hafði tíma var ég í svokölluðu "internshipi" hjá skíðaklúbbum og þar var ég aðallega að hjálpa markaðsstjórum og framkvæmdastjóra klúbbsins. Ég fékk ýmisskonar verkefni bæði tölvu- og pappírsvinnu sem gaf mér færi á að kynna klúbbum betur og sjá aðeins hvernig starfið í svona stórum klúbbum gengur fyrir sig. Þau standa fyrir allskonar uppákomum og mótum eins og til dæmis "The Margarita



■ Ég og Libby, "host" mamma mín

Cup" sem er skemmtimót fyrir fullorðna og er haldið aðra hverja viku. Þau halda líka "The Town Downhill" sem er risasvigs/brun mót sem ég endaði á að taka þátt í og gott betur en það, fá þriðju verðlaun í kvennaflokki! Og svo "Pole Peddle Paddle" sem er einskonar þríbraut nema hún inniheldur skíði, hjól og kayaka.

Á þriðja mótinu mínu hlekkist mér aðeins á í sviginu og meiddist í hægri hnenu sem er sama hné og ég fór í aðgerð á. Mér fannst tilfinningin fyrst vera alveg eins og þegar ég meiddist 2016 og því fylgdu miklar áhyggjur hvort ég gæti eitthvað skíðað meira á meðan ég væri hérna úti. Ég ákvað að fara í röntgen og segulómun og allan pakkann til að vita betur hvað væri að og í ljós kom að þetta var ekki svo alvarlegt, sem betur fer. Samt var hnéð ekki nógu gott til að ég gæti skíðað, svo ég þurfti að taka hlé í rúmlega hálfan mánuð. Eftir tvær vikur sem fóru mest í að kæla, hjóla og styrkja mig byrjaði ég að skíða aftur því ég ætlaði svo sannarlega að nýta tímann sem ég átti eftir, enda voru rétt þrjár vikur í að ég færi heim. Ég var virkilega dugleg að hugsa vel um hnéð svo ég gæti nú klárað þetta á góðum nótum og hingað er ég komin, á síðasta mótið, Western Regions Championship í Schweitzer, Idaho. Allt hefur gengið vonum fram, ég átti mjög gott stórsvigmót og bið spennin eftir risasviginu næstu tvo daga.

Á þessum tveimur og hálfu mánuði hefur mér tekist að ná virkilega miklum framförum og það sem ég hef lært er ómetanlegt. Eins mikið og ég hef notið mín hérna, skemmt mér konunglega og náð að krossa þónokkur markmið af listanum verður ótrúlega gott að koma heim til fjölskyldunnar en þau eru búnir að standa þétt við bakið á mér. Án mömmu og pabba hefði þetta ævintýri ekki orðið að veruleika.



# Helgigangan í Holt

Páskarnir eru ein stærsta hátíð kirkjuársins og helgihald í sóknum landsins er þá gjarnan bæði mikið og fjölbreytt og er Holtssókn engin undantekning. Í Holtsprestakalli hefur, síðan árið 2005, verið gengin helgiganga á föstudaginn langa og hefur þessi viðburður laðað að sér fjölda fólks á undanförunum árum. Að þessu sinni mun helgigangan hefjast með helgistund í Flateyrarkirkju kl. 10.00 og að henni lokinni er lagt af stað og gengið í Holt sem er um 10 km leið. Á leiðinni er stoppað nokkrum sinnum og hafa heimamenn þá sagt frá merkim stöðum og sögulegum viðburðum í Öundurfirði.

Þegar komið er í Holt er farið beint í Holtskirkju þar sem göngunni er lokið formlega með stuttri helgistund. Að



■ Við Holtskirkju

henni lokinni er haldið í Friðarsetrið þar sem Holtssókn býður öllum upp á súpu og brauð án endurgjalds og eru menn almennt sammála um að heit súpa bragðist aldrei eins vel og eftir langa göngu. Eftir súpu og samveru eru göngumenn síðan aðstoðaðir við að komast í bíla sína.

Annað hvert ár hefur verið gengið til eða frá Kirkjubóli í Valþjófsdal og er það einnig skemmtileg gönguleið og



■ Sr. Fjölnir fræðir göngumenn

vinsæl. Undanfarin ár hefur veður verið ákaflega fjölbreytilegt á göngudeginum en aldrei hefur þó komið til þess að aflýsa þyrfti göngunni og margir göngumenn koma ár eftir ár til að hlýða á guðsorð, njóta útiveru og súpunnar góðu og að sjálfsgöðu eru allir velkomnir.

# SJÓVÁ





Pykka ab-mjólkin okkar sameinar  
kosti skyr's og ab-mjólkur

ÁN LAKTÓSA  
LACTOSE-FREE




arna.is

Ab-gerlar stuðla að jafnvægi í meltingunni og hátt  
hlutfall próteins eflir styrk og úthald

Prótein-  
innihald  
18 g

# Veldu góða þjónustu

Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring.  
Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla.



**BÍLALEIGA  
AKUREYRAR**  
— Höldur —

**Europcar**

Þínar þafir - okkar þjónusta

Bílaíleigubílar heima og erlendis • Aðalnúmer 461 6000 • holdur@holdur.is • www.holdur.is




# SPLITTA

# 16.894



5.631 5.631 5.631



**Kass**  
frá Íslandsbanka

Sæktu appið á [Kass.is](https://kass.is)

